



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
10. árgangur
Desember 2008



*Eining-Íðja sendir félagsmönnum sínum
og landsmönnum öllum
bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár,
með þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða*



ÖRUGGUR SPARNAÐUR

Viðbótarlífeyrissparnaður í sérflokki

Safn I 24,7%
ávöxtun sl. 12 mánuði*

Safn II 21,7%
ávöxtun sl. 12 mánuði*

Safn III
verðtryggt innlán nú með
8,05% vöxtum

*miðað við stöðu í lok október 2008

Hugsum áður en við hendum!

FLOKKUM TIL ENDURVINNSLU

Farsælt umhverfi
til framtíðar!



Vönduð flokkun úrgangs er forsenda endurnýtingar og endurvinnslu. Vandlega flokkaður úrgangur er hráefni í nýjar vörur, en óflokkaður blandaður úrgangur er ónýtanlegur og fer til urðunar.

„Ég er 100% endurvinnanlegur“



HVAÐ Á AÐ FLOKKA?

- **Plast** – allar umbúðir úr plasti - plastið skal flokkað í tvo flokka:
 - **Mjúkt plast** – burðarpokar, plastfilma, bóluplast o.þ.h. *Frauðplast fer með þessum flokki.*
 - **Stíft plast** – allskyns brúsar, fötur, flöskur og plastílát undan matvörum og hreinsiefnum.
- **Gler** – krukkur og flöskur undan ýmsum matvælum, keramikmunir, flísar o.fl. *Munið að fjarlægja málm- og plastlok.*
- **Bylgjupappa** – allskyns pappakassa og pítsukassa.
- **Pappír** – dagblöð, tímarit, auglýsingapóstur, prentpappír o.fl.
- **Sléttan pappír** – allar fernur, eggjabakkar, pappahólkur innan úr eldhús- og wcpappír, pakkar undan morgunkorni, kexi, skyndiréttum og óteljandi öðrum vörum.
- **Kertavax** – kertastubbar og ónothæf kerti.
- **Málma** – niðursuðudósir, krukkulok, álpappír, málmur undan sprittkertum, herðatré úr vír o.fl.
- **Rafhlöður** – allar rafhlöður, en þær eru sérstaklega skaðlegar umhverfinu og þarfnað sérstakrar meðferðar.



„Mig langar að endurvinna þig“

Höldum hverjum flokki aðskildum og án aðskotahluta s.s. matarleifa

Móttökustaðir: Gámasvæðin á Akureyri og Dalvík, Sagaplast/Endurvinnslan, Réttarhvammi 3 og einnig grenndargámar fyrir allskyns pappír þar sem þeir eru staðsettir. **Nánari upplýsingar um flokkun úrgangs, flokkunarílát o.fl. á www.flokkun.is**

© DAGSKRÁIN



„Það á líka að endurvinna mig“



Hefur þú
lent
í slysi?

Kannaðu rétt þinn til bóta

www.pacta.is

Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi, slysi í frítíma eða við aðrar aðstæður getur þú átt rétt á bótageiðslum vegna afleiðinga slyssins.

Kannaðu rétt þinn til bóta með því að setja þig í samband við lögmann sem fyrst.

Hjá PACTA starfa lögmennt sem hafa áralanga reynslu á þessu sviði.

Hafðu samband við okkur, fyrsta viðtal til að skoða málið og kanna réttarstöðu þína er þér að kostnaðarlausu.

PACTA
L Ö G M E N N

Akureyri Hafnarstræti 91-95 | sími 440 7900 | pacta@pacta.is

**Útgefandi: Eining-löjla**

Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 -Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

Þýðingar:

Páll Pawel Pálsson, Nicole Kristjánsson,
Patcharee Srikongkaew

Forsíðumynd:

Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Prentvinnsla:

Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið.



Efnisyfirlit

- 5** Vetrarleiga orlofshúsa
- 6** Áfram Ísland – fyrir hag heimilanna
- 7** Íþróttir fyrir alla – líka þig
- 8** Rúmlega 95% vita fyrir hvað félagið stendur
- 8** Bæklingur um stöðu launafólks
- 8** Desemberuppbot 2008
- 10** Þrautir jólaanna
- 10** Málþing á Hótel KEA
- 12** Frábær dagsferð á ísbjarnaslóðum
- 13** Fjölmennt dyravarðanámsskeið
- 14** Miscellaneous information
- 16** Símei – ekki bara námskeið
- 16** Munið eftir námsstyrkjunum!
- 17** Endurhæfingarsjóður hefur starfsemi
- 17** Miðar í Hvalfjarðargöng
- 17** Fyrirvaralaus uppsögn
- 18** Eftirlæti vélstjórnans
- 18** Orlofsferðir Einingar-löjla sumarið 2009
- 19** Fyrirtækjaheimsókn – Ekta fiskur
- 20** Utanlandsferðin 2008
- 24** Ferðakvöld - Evrópuferð rifjuð upp
- 25** Punkturinn er fyrir alla
- 26** Ársfundur ASÍ
- 28** Ferð á Vestfirði
- 30** Rózne informacjé
- 31** Vel heppnuð fjölskylduhátíð Einingar-löjla
- 32** Fyrirtækjaheimsókn – Promens Dalvík
- 33** ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ
- 34** Jólakrossgátan
- 35** Verðlaunagetráun

Sendum landsmönnum öllum
okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsæld á komandi ári



Vetrarleiga orlofshúsanna

Þótt sumarið sé hinn hefðbundni orlofstími á fólk einnig frí þess utan, margir kjósa líka að geyma eitthvað af fríinu til haustsins eða vetrarins. Vert er að benda félagsmönnum Einingar-löju á að þeim standa til boða fjórir góðir kostir í vetrarleigu orlofshúsa, á Illugastöðum í Fnjóskadal, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, Svignaskarði í Borgarfirði og orlofsíbúðum á vegum félagsins í Reykjavík. Vetrarleigan hefst 15. september og stendur til 1. júní ár hvert.

Verðskrá

Illugastaðir, Tjarnargerði og Svignaskarði

Vikuleiga er kr. 16.000 og helgarleiga kr. 10.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur. Heitir pottar eru við öll hús félagsins. **ATH!** Frá 1. janúar 2009 verður vikuleiga í Tjarnargerði kr. 20.000 og helgarleiga kr. 12.000.

Öryrkjar og ellilífeyrisþegar greiða kr. 6.000 fyrir þrjár nætur í miðri viku á þessum stöðum.



Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri, en lyklar að húsum á Illugastöðum og Svignaskarði eru afhentir í þjónustumiðstöðvum svæðanna.

Vert er að benda á að á Illugastöðum á Eining-löju eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

Reykjavík

Eining-löju hefur til umráða sjö íbúðir í Reykjavík, en sjúkrasjóður félagsins hefur tvær af þeim til ráðstöfunar. Þrjár íbúðir eru í Ljósheimum, tvær í Ásholti, ein á Grensásvegi og ein á Kleppsvegi.

Íbúðirnar leigjast í viku í senn, fyrir utan sjúkraíbúðir sem leigjast eftir þörfum. Vikuleiga er kr. 16.000, en sólarhringsleiga sjúkraíbúða er kr. 2.500.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Nánari upplýsingar um vetrarleigu eru gefnar á skrifstofu Einingar-löju, Skipagötu 14 á Akureyri. Síminn er 460 3600 og netfangið ein@ein.is

Athugið:

Frá og með næstu áramótum verður lín ekki lengur innifalið í leiguverði orlofshúsa og orlofsíbúða félagsins.

Umsjónarmaður sér um að leigja slíkt fyrir þá sem það vilja. Á leigusamningi koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar.

HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA



- Húðin okkar er viðkvæm og veðráttan á Íslandi getur verið húðinni erfið.
- Decubal viðheldur heilbrigði og ferskleika húðarinnar – allt árið um kring.
- Kynntu þér eiginleika Decubal og kveddu þurra húð.

DECUBAL 
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ



ÞÚ FÆRÐ DECUBAL
Í NÆSTA APÓTEKI

Áfram Ísland – fyrir hag heimilanna

Í lok nóvember stóð ASÍ fyrir fundaherferð um landið undir yfirskriftinni Áfram Ísland – fyrir hag heimilanna. Haldnir voru sjö fundir víðsvegar um landið. Á Akureyri var hann haldinn í Sjallanum og var fín mæting þó ágætis pláss hefði verið fyrir fleiri fundargesti.

Aðalræðumenn fundarins voru Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ, og Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-lðju. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, kynnti drög að ályktun sem lögð var fyrir fundinn. Fundarstjóri var Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni.

Fundurinn var líflegur og að framsögum loknum stigu fjölmargir í pontu, töluðu mishátt og lengi, og vildu fundarmenn fá að vita um stefnu ASÍ í ýmsum málum. Það urðu fjörlegar umræður m.a. um aðild að Evrópusambandinu.

Í ræðu sinni krafðist Gylfi m.a. að stjórnvöld búi heimilunum öruggt skjól og að stjórnvöld tryggi sama stöðugleika og sambærileg kjör á húsnaðislánum og almenningi býðst í nágrennalöndunum. Hann sagði að stjórnvöld verði að sýna kjark og taka nauðsynlegar ákvarðanir til framtíðar um leið og fortíðin verður gerð upp án undanbragða og nauðsynlegt væri að ríkisstjórnin gæfi út yfirlýsingu um að Ísland muni, þegar í stað, sækja um aðild að ESB og í framhaldinu taka upp evru sem gjaldmiðil.

Grátlegt á að horfa

Björn sagði m.a. í ræðu sinni að það væri grátlegt að horfa upp á allan þann ávinning sem vannst við gerð síðasta kjarasamnings gufa upp og það á einungis á 8 mánuðum. „Það er skýrt í mínum huga að almennt verkafólk ber ekki ábyrgð á því ófremdar-ástandi sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi. Nú blasir hins vegar við að almenningur í þessu landi mun á næstu misserum og árum þurfa að blæða illilega fyrir gjörðir fjárglæframanna og þeirra aðila sem áttu að sinna hér eftirliti með fjármálakerfinu.“

Björn sagði einnig að flestir hagfræðingar landsins væru sammála um að peningamálastefna Seðlabankans væri löngu gengin sér til húðar og líftími íslensku krónunnar liðinn. „Það er afar brýnt að óskað verði tafarlaust eftir aðildarviðræðum við ESB. Kostir og gallar verði lagðir í dóm þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.“



Varðandi stöðuna í íslensku efnahagslífi er ekki annað hægt að segja en að það sé grátlegt fyrir íslenska alþýðu að horfa uppá það ástand sem nú blasir við þjóðinni. Ástand sem er að langstærstum hluta vegna ofpenslu bankakerfisins og þeirrar óhemju græðgi sem hefur ríkt í fjármálageiranum undanfarin ár,” sagði Björn og hélt áfram „þegar verkalyðshreyfingin og fleiri aðilar gagnrýndu kaupréttarsamninga, bónusa og önnur ofurlaun hjá starfsmönnum fjármálastofnana komu skýr svör frá þeim aðilum sem þáðu þessi ofurlaun: Ykkur kemur þetta ekkert við. Raunin hefur hins vegar orðið allt önnur, okkur kom þetta svo sannarlega við.“

Ekkert traust

„Það er klárt mál að það þarf að fara fram uppgjör í þessu samfélagi vegna þess stórslyss sem orðið hefur í íslensku efnahagslífi. Traust almennings á núverandi ríkisstjórn er þrotið, því er það krafa okkar að hún fari frá og boðað verði til kosninga. Við hlustum ekki lengur þegjandi á að hún beri enga ábyrgð á ástandinu og helst ber að skilja á þeim að litla Gunna og litla Jón hafi orsakað hrunið og að sjálfsgöðu taka þau afleiðingum þess, ekki gera Davíð, Ingibjörg eða Geir það,” sagði Björn.

Mikil samstaða

Björn endaði á því að segja að Íslendingar munu komast í gegnum þessar hremmingar, en að það tæki tíma. „Ég held samt að við Eyfirðingar getum verið nokkuð bjartsýnir þegar til lengri tíma er litið. Við erum með mjög sterkar stöðir í okkar atvinnulífi. Mikil samstaða hefur ríkt hjá okkur í að gera ástand-

ið þolanlegt og vil ég benda á frumkvæði Akureyrarbæjar, sem setti á stofn Almannaheillanefnd til þess að þeir aðilar sem geta hjálpað til snúi bókum saman og vinni sem einn aðili í þeirri kreppu sem nú er hjá okkur. Stéttarfélagin koma að þeirri nefnd af fullum krafti. Hafið það hugfast að stéttarfélagin með forustu ASÍ sem bakhjarl er brimbrjótur sem kveður að, en til þess að við siglum í gegnum ölduna en förumst ekki, þurfum við að standa saman. Ég veit að við hér í Eyjafirði gerum það. Áfram Ísland.“

Krafa til stjórnvalda

Í lok fundar var samþykkt ályktun af miklum meirihluta fundargesta. Í henni voru stjórnvöld m.a. hvött til að standa vörð um hagsmuni heimilanna og taka afstöðu til Evrópusambandsins og upptöku evrunnar. Þess var einnig krafist að ríkisstjórnin og sveitarfélög við Eyjafirð dragi ekki úr framkvæmdum né hætti við það sem áformað var, heldur auki viðhaldsverkefni og dragi þannig úr því mikla atvinnuleysi sem annars yrði í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Skorað var á stjórnvöld að koma á flutningsjöfnuði þannig að fyrirtæki á svæðinu geti fengið aðföng og komið vöru sinni á viðráðanlegu verði milli landshluta og skapi þannig fleiri störf á svæðinu, t.d. í matvælaíðnaði. Þá var krafa um að stjórnvöld beini nægu fjármagni til menntastofnana á svæðinu svo þær geti tekið á móti þeim aukna fjölda sem þangað mun leita á næstu misserum.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is má finna bæði ræðu Björns og ályktun fundarins í heild sinni.

Íþróttir fyrir alla - líka þig

Fjölmarginir einstaklingar hafa misst vinnuna að undanförunu eða eru um það bil að missa hana. Margt er í boði í sambandi við afþreyingu fyrir þessa einstaklinga, en framboðið er aldrei of mikið. Stjórn KA ákvað að félagið legði sitt af mörkum og hefur undanfarið lagt mikla vinnu í að skipuleggja ákveðið verkefni sem mun fara af stað í byrjun janúar 2009. Samherji hf. er bakhjarl verkefnisins.

Stjórn KA fékk Jónatan Magnússon handboltakappa til að sjá um verkefnið og segir hann að í raun sé ekki búið að fastsetja neitt endanlega. „Það sem við erum að fara af stað með er í raun bara verkefni í ljósi breytts efnahagsástands. Hugmyndin er að opna klúbbinn okkar og nota þá frábæru aðstöðu sem við höfum í KA-heimilinu og reyndar víðar og bjóða fólki upp á fjölbreytta afþreyingu. Þetta verður í öllum tilvikum frítt og það er skýrt markmið hjá okkur að bjóða einungis upp á fagfólk sem kemur til með að aðstoða okkur með þau námskeið eða íþróttæfingar sem í boði verða,“ segir Jónatan.

Opið fyrir alla

Ráðgert er að félagið verði með opið hús alla virka daga í KA-heimilinu í tvo tíma á dag, þar sem verður heitt á könnunni og bakkelsi. „Við munum bjóða upp á fjölbreytt námskeið, hádegisverðarfundir á föstudögum með sterkum frummælendum, íþróttatíma fyrir konur og karla, bæði í Boganum og KA-heimilinu, skíðagöngubraut við KA-

heimilið þar sem hægt verður að fá allan skíðaútbúnað lánaðan, dans, handverk og fleira. Við leggjum áherslu á að þetta verkefni er fyrir alla, ekki eingöngu fyrir fólk sem misst hefur vinnuna, þó vissulega séum við að reyna að koma til móts við það. Við munum leggja áherslu á að fá fært fólk með okkur í öll þau námskeið og verkefni sem við bjóðum upp á svo það verði spennandi fyrir fólk að nýta sér þau,“ segir Jónatan.

Eins og áður segir verður fjölmargt um að vera og sem dæmi um fasta viðburði milli kl. 14:00 og 15:00, má til dæmis nefna leikfimi, dans og handverksnámskeið. Að sjálfsögðu verður boðið upp á fría barnapössun á meðan.

Einnig verður hægt að horfa á íþróttir í sjónvarpi. Allt sem í boði er á markaðnum verður hægt að horfa á á risa breiðtjaldi, bæði á virkum dögum og um helgar. Spila fótbolta í Boganum undir handleiðslu færra þjálfara og svo mætti lengi telja. Margt fleira er í skoðun í þessu sambandi og verður það nánar kynnt er nær dregur.



Jónatan Magnússon handboltakappi.

*Við óskum þér gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.
Mundu að brösa með hjartanu!*

„Hugsaðu. Mér finnst gaman að leika
við pabba og ég elska hann.“

-Ragúel, 2. bekk, Síðuskóla.

Rúmlega 95% vita fyrir hvað félagið stendur

- er niðurstaða könnunar Capacent Gallup fyrir Einingu-löðu í september 2008

Dagana 10. til 22. september sl. stóð Capacent Gallup fyrir könnun á ímynd og þekkingu á félaginu og þróun þar á. Um netkönnun var að ræða og tekið var 1.200 manna úrtak, 16 til 75 ára fólks búsettu á Akureyri og nágrenni, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Capacent Gallup. Endanlegt úrtak var 1.099 og svarhlutfall 68,8%. Könnun sem þessi var síðast gerð haustið 2004 fyrir félagið, en þá var reyndar um símakönnun að ræða svo munurinn er ekki alveg marktækur.

„Þessar niðurstöður eru mjög svipaðar og við sáum úr könnun sem gerð var haustið 2004,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu þó fleiri séu nú á miðjunni ef svo mætti segja. Af þeim sem afstöðu tóku voru 59,5% aðspurðra jákvæðir í garð félagsins. 33,4% svöruðu



hvorki né en 7% svöruðu því til að þeir væru neikvæðir gagnvart félaginu. „Það þarf að hafa í huga að könnunin var ekki bundin við félagsmenn og því tel ég þessi 7% vera hverfandi tölu,“ segir Björn.

Þegar spurningin: *Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir minnst á Einingu-löðu?* var borin upp, þá kom í ljós að rúmlega 95% þeirra sem svara vita fyrir hvað félagið stendur og nefndu verkalýðs- eða stéttar-

félag, eða eitthvað sem tengist slíkum félögum.

76,9% aðspurðra sögðust vita í hverju starfsemi Einingar-löðu væri fólgin en 53,9% árið 2004. Eftir því sem menn verða eldri þá virðast þeir vita meira um félagið og þeir sem búa utan Akureyrar vita minna en þeir sem á Akureyri búa.

„Þetta er mjög góð útkoma fyrir okkur og greinilegt að það sem við höfum haft fram að færa hefur skilað sér bæði til félagsmanna sem og almennings. Eitt af hlutverkum okkar er einmitt að koma því á framfæri sem er að gerast í félaginu,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu og bætti við að í spurningu varðandi auglýsingar frá félaginu hefðu 83,6% svarenda verið ánægðir með auglýsingarnar.

Bæklingur um stöðu launafólks

Sex stéttarfélög á Akureyri og nágrenni útbjuggu bæklinginn *Staða launafólks - Gagnlegar upplýsingar í nóvember 2008* og létu dreifa á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæði þeirra, frá Siglufirði til Greni-víkur.

Þessi bæklingur sem Eining-löða, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyrar og nágrenni, Félag byggingamanna Eyjafirði, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Félag málm-iðnaðarmanna Akureyrar og Rafvirkjafélag Norðurlands gáfu út var hugsaður til leiðbeiningar fyrir félagsmenn ef atvinnu-öryggi yrði ógnað. Í bæklingnum er leiðbeiningarrit Magnúsar Norðdahl, deildarstjóra lögfræðisviðs Alþýðusambands Íslands, „Rekstrarferðleikar og réttarstaða

launafólks“ sem tekið var saman í lok október 2008.

Ennfremur eru í bæklingnum upplýsingar um starfsstöðvar stéttarfélaganna, starfsfólk og sjóði á þeirra vegum svo og helstu stofnanir samfélagsins sem leita má til í erfiðleikum, vegna menntunar o.fl.

Hægt er að nálgast bæklinginn á .pdf-formi á heimasíðu félagsins, www.ein.is



Forsíða bæklingins.

Desemberuppþót 2008

Eining-löða minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppþót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppþótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof.

Upphæð desemberuppþótar samkvæmt kjarasamningi við ríkið og samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er kr. 44.100, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn hjá ríkinu eiga að fá desemberuppþót greidda 1. desember og starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember.

Samningar félagsins við launanefnd sveitarfélaga giltu til 30. nóvember sl. og þegar þetta er skrifað hafa átt sér stað samningafundir en enn hefur ekki náðst samkomulag. Því liggur ekki ljóst fyrir hve há upphæðin verður. Þess má þó geta að í fyrra var desemberuppþótin kr. 61.520. Starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppþót greidda í desember, skv. kjarasamningi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is má finna töflur sem sýna upphæð desemberuppþótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Munið eftir www.ein.is

Egils

Hátíðlegt bragð



Prautir jólanna

Hugleiðing Kristjáns Más Magnússonar, sálfræðings hjá Reyni ráðgjafastofu, um jólin

Flestum okkar finnst undarlegt að hugsa um jólin sem erfiðan tíma, því sem betur fer á meirihluti Íslendinga góð jól og nýtur jólaundirbúningsins og jólatímans með fjölskyldunni við ýmsa skemmtilega iðju. En fjöldi fólks á Íslandi upplifir jólin ekki þannig. Reynslan hefur kennt þeim að jólin einkennist af átökum og vonbrigðum. Svo seint sem í gær talaði ég við tvítuga stúlku sem sagði að hún hefði ákveðið að verja stórum hluta jólafrísins í að deila út matargjöfum og aðstoða þá sem ættu erfitt, af því að hún gerði ráð fyrir að heima yrðu jólin eins og venjulega - deilur og rifrildi, drykkja og ásakanir.

Samt virðast allir horfa með tilhlökkun til jólanna og vonin er að jólin gefi færi á að gefa og þiggja af gleði, finna ást og umhyggju, jákvæða nærveru og samveru. Þegar þessi von brestur veldur það sársauka. Einmitt þegar fólk gerir sér von um nálægð og hlýju veldur fjarlægðin og kulduinn enn meiri vonbrigðum.

Verum jákvæð

Svarið er engu að síður að gera sér vonir – og láta þær rætast. Í þeirri neikvæðu umræðu sem nú tröllríður þjóðfélaginu er mikilvægt að láta tröllin ekki stela jólunum, heldur sjá til þess að jólin verði jákvæð. Allt það góða sem menn gera í samfélag-



inu verður að veruleika vegna þeirra drauma og vona sem þeir vinna að og láta rætast. Hvað líkar þér best? Hvað viltu vera öðrum? Hvernig ætlar þú að fara að því að láta jólin veita þér gleði og uppörvun? Og hverjum ætlar þú að bjóða að deila ánægjunni með þér? Hvað ætlar þú að gera ef mikilvægir fjölskyldumeðlimir treysta sér ekki til að vera með á jákvæðum nótum?

Ef jólin hafa verið erfið hingað til, treystir þú þér til að segja fjölskyldunni frá því hvernig jól þú vilt halda? Þetta er einmitt

það sem fólk gerir í jólaundirbúningnum í samheldnum fjölskyldum. Og ef þú hefur gert þetta nú þegar, án árangurs, ertu tilbúinn að eyða meirihluta jólanna með öðru fólki – fólki sem finnst þú mikilvæg/ur? Það er einmitt þetta sem áður nefnd stúlka stefnir að. Þetta krefst hugrekks, en hverju er að tapa? Ef þú sérð fyrir þér að upplifa vonbrigði og jafnvel sorg í faðmi fjölskyldunnar, gefst þér ef til vill tækifæri til að höndla jólagleðina annars staðar.

Gleymum ekki börnunum

Vert er samt að muna að þetta geta börnin ekki. Þau hafa ekki möguleika á að velja og yfirleitt vilja þau ekki velja annað en fjölskylduna, á hverju sem gengur. Þau halda nefnilega í vonina lengur en nokkur fullorðinn.

Á 24 ára starfsferli sem sálfræðingur hef ég nokkrum sinnum hitt fyrir foreldra sem voru búnir að gefast upp á börnum sínum, en ég man ekki eftir að hafa hitt fyrir barn sem var búið gefast upp á foreldrum sínum. Fullorðna fólkið ber ábyrgðina á að gera jólin í faðmi fjölskyldunnar að ánægjulegri reynslu. Ætlar þú að bjóða barni að deila jólagleðinni með þér? Ert þú tilbúinn að aðstoða barn við að láta jólin verða eins og því líkar best? – Allt jólafríð?

Málþing á Hótel KEA

Mánudaginn 3. nóvember sl. stóð Eining-löja fyrir málþingi á Hótel KEA. Málþingið var vel sótt, en það var fyrir alla þá sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Þrjú mjög góð og fróðleg erindi voru flutt á þinginu. Ólafur Darri Andrason, aðalhafnir ASÍ, reið á vaðið og fjallaði um stöðu og horfur í efnahagsmálum. Af hverju við værum í þessari stöðu í efnahagsmálunum og hvað væri framundan. Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, fjallaði um uppbyggingu Einingar-löja og réttindi úr sjóðum félagsins. Björn notaði einnig tækifærið og sagði frá því að félagið hefði ekki tapað krónu í þeim miklu efnahagshremmingum sem gengið hafa yfir landið að undanförunu. Kristján Magnússon, sálfræðingur frá Reyni ráðgjafastofu, endaði svo gott kvöld með uppbyggilegu erindi þar sem hann fjallaði um sjálfsstyrkingu og sjálfsstyrk.

Margar spurningar bárust úr sal og áttu sér stað góðar umræður um málin.



Fjöldmenn var á málþinginu á Hótel KEA.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár

capacent



Alþýðusamband Íslands

BÍLALEIGA
AKUREYRAR
Hóldur

National
Car Rental

Þínar þarfir - okkar þjónusta.



ENDURVINNSLAN HF
Knarrarvogi 4 · 104 Reykjavík
Sími 588 8522 · Bréfasími 588 8966
www.endurvinnslan.is


EJS



EYJAFJARDARSVEIT

intrum justitia

FÉLAG
MÁLMIÐNAÐARMANNA
AKUREYRI



GEIMSTOFAN



Félaga verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri
Skipagötu 14 · 600 Akureyri · Sími 462 1635 · Fax 461 1694



LOSTATI
VEISLU OG VEITINGARJÓNUSTA



Bústólpi
FÖÐUR OG ÁBURÐUR



**Sjómannafélag
Eyjafjarðar**
www.sjoey.is



ÓHK Trésmíði ehf.
Sími: 4671833 / 8948533
Fjallabyggð



Þar sem tryggingar
snúast um fólk



VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG
KEFLAVÍKUR
www.vskf.is



NEYTENDASAMTÖKIN

NORÐLENSKA
MATBORÐIÐ

NORÐURORKA
RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI

Deloitte.

netto

Verkfræðistofa
Norðurlands ehf
Hofsbot 4 600 Akureyri - Sími 460 9700
www.vn.is

SBA-NORÐURLEIÐ
www.sba.is



SJÓVÁ



Starfsgreinasamband Íslands



Síminn



KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna
í almannajónustu



Tanni Travel
www.tannitravel.is



KEA HOTEL

form

ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI v/MÝRARVEG · 600 AKUREYRI · SÍMI 462-6099

KPMG

Glerárgötu 24 - 600 Akureyri
www.kpmg.is

Frábær dagsferð á ísbjarnaslóðum



Laugardaginn 21. júní sl. fóru rúmlega 100 eldri Einingar-löju félagar í dagsferð. Ekið var sem leið lá frá Akureyri kl. 9:00 í frábæru veðri til Varmahlíðar, þar sem var stutt stopp. Þaðan var ekið sem leið lá til Sauðárkróks með viðkomu í Glaumbæ, þar sem torfbærinn og kirkjan voru skoðuð. Á Sauðárkróki var borðaður hádegisverður á Hótel Bifröst, í boði var dýrindis lambakjöt og meðlæti og auðvitað kaffi og konfekt á eftir.

Frá Sauðárkróki var farið á slóðir ísbjarna er keyrt var yfir Þverárfjall og til Blönduóss. Á leiðinni var stoppað í Kántrýbæ á Skagaströnd. „Kóngurinn“ Hallbjörn var upptekinn í útsendingu í útvarpinu og gat því ekki tekið á móti ferðalöngunum, en staðurinn var skoðaður og einhverjir keyptu sér geisladiska með Hallbirni.

Á Blönduósi var stoppað í Nestinu smá stund áður en



Þrír Birnir. Eini Ísbjörninn sem sást í ferðinni var sem betur fer uppstoppaður og í glerbúri.
F.v.: Björn Sverrisson, Ísbjörn Bjarnarson og Björn Snæbjörnsson.



haldið var aftur til Varmahlíðar þar sem síðdegiskaffi var drukkið í barnaskólanum. Að endingu var ekið aftur til Akureyrar og var þangað komið um kl. 18:00.

„Vel að þessu staðið,“ segir Hörður Garðarsson

„Þetta var allt gott og þið eigið heiður skilinn fyrir þetta,“ segir Hörður og bætir við að hann hafi verið bóndi frammi í Eyjafirði en að hann hafi orðið félagi þegar hann fluttist til Akureyrar fyrir um 20 árum síðan. „Ég vann lengi á sláturhúsi KEA. Það er alveg stórgott hjá félaginu að bjóða upp á slíkar ferðir fyrir eldri félagsmenn. Það var alveg afskaplega vel að þessu staðið og þið eigið hrós skilið fyrir þetta. Það er líka gaman að hitta aftur gamla kunningja sem maður hefur ekki hitt lengi. Leiðsögumaðurinn spillti nú ekki fyrir, hann var mjög fróður og hafði margt gott fram að færa, það fannst mér líka gott,“ sagði Hörður og vildi fá að bæta við að Björn Snæbjörnsson ætti heiður skilinn fyrir sín störf hjá félaginu. „Hann hefur að mínu mati staðið sig eins og hetja í þessum málum og öðrum fyrir félagið.“

„Alveg yndisleg ferð,“ segir Jónína Árnadóttir

„Þetta var alveg stórfín ferð, alveg meiriháttar. Ég held að ég hafi farið í flest allar slíkar ferðir síðustu árin. Það er alveg frábært að félagið fari með eldri félagsmenn sína í svona dagsferð og það á hrós skilið fyrir. Starfsmenn vildu allt fyrir okkur gera, ég veit ekki hvað þetta ætti að vera betra,“ sagði Jónína og bætti við að lokum að það hefði nú verið saga að segja frá því ef ferðalangarnir hefðu keyrt fram á enn einn ísbjörninn þegar farið var yfir Þverárfjall.



Fjölmennt dyravarðanámskeið

Eining-lðja og Sýslumaðurinn á Akureyri stóðu nýlega fyrir dyra-
varðanámskeiði, sem stóð yfir í 6 kvöld og luku 14 einstaklingar
námskeiðinu. Allir sem sækja um starf dyravarðar á skemmti- og
veitingastöðum á Akureyri varða að vera samþykktir af sýslu-
manni, hafa hreint sakavottorð fimm ár aftur í tímann og setið
dyravarðanámskeið á vegum Einingar-lðju.

Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt. Bóklegu tímarnir fóru fram
í Einingar-lðju-salnum í Alþýðuhúsinu en verklegar æfingar fóru fram á
slökkvistöðinni og í KA-heimilinu.

Farið var yfir fjölmarga þætti sem fylgja starfi dyravarða. Daníel
Guðjónsson yfirlögregluþjónn fjallaði um samskipti dyravarða og lög-
reglu, reglugerð um löggæslu á skemmtunum og borgaralega handtöku.
Kári Erlingsson rannsóknarlögreglumaður var með fræðslu um fíkniefni.
Jón Ívar Rafnsson, frá Vátryggingarfélagi Íslands, fór yfir og útskýrði það
helsta í sambandi við tryggingar í starfi. Björn Snæbjörnsson, formaður
Einingar-lðju, fjallaði um réttindi og skyldur starfsmanna sem og vinnu-
veitenda. Þorsteinn Pétursson lögreglumaður fór yfir hvernig menn eiga
að skoða skilríki og annað sem viðkemur dyravarðastarfinu. Halla Ein-
arsdóttir, fulltrúi sýslumanns fjallaði um áfengislög, reglugerð og leyfi
vegna áfengisveitinga og fleira.

Jón G. Knutsen slökkviliðsmaður kenndi slyshjálpi, Magnús Arnarsson
slökkviliðsmaður fór yfir brunavarnir og Jón Óðinn Óðinsson júdópjálfi
fór í gegnum ferlið hvernig eigi að bera sig við að handtaka menn.



Nýútskrifaðir dyraverðir, ásamt Þorsteini Péturssyni lögreglumanni.



Hvernig slökkva skal í potti, réttu handtökin kennd.



Fundusz Kredytów Mieszkaniowych dla
- wszystkich

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Tel: 549 6900, Fax: 549 6800

Housing Financing Fund

Viltu hætta að reykja?

ókeypis aðstoð
á gagnvirku heimasíðunni

reyklaus.is



Miscellaneous information

December bonuses

Eining-löja reminds its members that, according to their employment contracts, they are entitled to a December bonus. The amount varies, depending on contract specifications and the period defined as fulltime employment. The bonus is to be paid as a single sum and is without the addition of a holiday bonus.

According to Eining-löja contracts with the State and wage and salary contracts on the general labour market, the bonus is **kr. 44.100**. The contracts of the union with the salary council of the municipality is valid until the 30st of november 2008. While this is written the first meetings about the new contracts took place but until now there is no agreement reached. That's why it is not quite sure how high the amount will be. Last year the Christmas bonus was about 61.520 kr.

State employees are to receive their December bonuses on 1 December, employees on the general labour market on 15 December and municipal employees are to be paid their bonuses in December, in accordance with the appropriate wage and salary contracts.

Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eining-löja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 520. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.



Health fund

The right to get payments from the union's health fund is based on the payments to the Union. For example is it possible to get payments for the care of children with long term illnesses or disabilities. You can get payments because of a severe illness of your spouse, because of medical massage or physiotherapy, cancer prevention, membership in a gym, hearing devices, glasses and so on. The highest amount to be paid for the funeral of a 100% paying and valid member is about kr. 220,000.

The payments for the membership in a gym are about 35% of the bill, highest kr. 10,000 every calendar year. The payments for eyeglass lenses are also about 35% of the bill, highest kr. 15,000 every three years. Payments for buying hearing devices are also 35% of the bill, highest kr. 15,000 every three years.

Please remind!

Meetings of the administrative council of the health fund Eining löja is held once in a month. Cases which have to be decided about in the meeting have to be brought to the office at last every 27th of each month.

Requests for all payments of the health fund are decided in the board meeting for example daily benefits, payments for physiotherapy,

massage, cancer prevention and every other help paid by the rules of the fund.

Learn about the study grants!

In winter, schools in Iceland often offer numerous courses of varying length for Eining-löja union members. The possibilities of study are almost unlimited and Eining-löja urges its members who are planning to take courses this winter to obtain information regarding their right to individual grants by means of the education funds Landsmennt (landsmennt.is), Sveitamennt (sveitamennt.is) and Ríkismennt (rikismennt.is).

A union member in full time employment is entitled to a grant totalling kr. 60,000 although it should be kept in mind that the grant covers a maximum of 75% of the total cost of each course. State employees are entitled to a 90% refund of total cost when engaged in studies that have direct professional relevance to their work. Union members can also apply for grants relating to courses undertaken in their free time or as hobbies. Such courses are supported to the tune of 50% of total cost as long as the amount does not exceed kr. 18,000. **Please note that free time/hobby grants are deducted from the total individual grant.**

Union members are entitled to a grant of kr. 100,000 when training for a professional driver's licence. The grant is only available once to each individual. It does not matter whether all four sections of the professional driver's licence are included in the training.

The Eining-löja home page www.ein.is presents leaflets from Landsmennt which have been translated into English, Spanish, Thai and Polish. Also leaflet in English from Ríkismennt.

Winter rental of holiday chalets

Although summer is the traditional vacation season, many also take a holiday during other parts of the year and a large number of people choose to postpone part of their summer vacation until autumn or winter. This is a good time to remind members of Eining-löja that they have four good holiday options outside the conventional vacationing season. These options are staying in holiday chalets at Illugastaðir in Fnjóskadalur valley, Tjarnargerði in the district of Eyjafjarðarsveit and in the Svignaskarð area in Borgarfjörður as well as making use of the union's holiday apartments in Reykjavík. The autumn and winter rents cover the period from 15 September to 1 June.

Rates

Illugastaðir, Tjarnargerði and Svignaskarð

A week's rental is kr. 16,000 and weekend rental is kr. 10,000. Weekend rental can be up to three nights. All the union's chalets include hot pots. Pensioner's and people with handicaps pay kr. 6,000 for three nights in the middle of the week at those locations. Keys to Tjarnargerði are to be obtained at the union office in 14 Skipagata, Akureyri and keys to the chalets at Illugastaðir and Svignaskarð are delivered at the local service centres.

NB! Tjarnargerði from 1. January 2009: A week's rental will be kr. 20,000 and weekend rental will be kr. 12,000.

Reykjavík

Apartments in Reykjavík are rented out for a week at a time, apart from the apartment reserved for cases of illness which is rented out as



required. A week's rental is kr. 16,000, and a 24 hour rental of the apartment reserved for cases of illness is kr. 2,500. Keys to the apartments are obtained at the union office in 14 Skipagata, Akureyri.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work.

It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

Please contact Eining-lðja office for further information relating to the composition of written employment contracts and special forms for writing such contracts.

Period of notice

- Mutual right
- Notice shall be in writing.
- Notice shall be dated from and including the 1st of a month.

During the first two weeks of work, a notice period does not apply.

After 2 weeks of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 12 calendar days.

After 3 months of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 1 month, based on the turn of the month.

After 3 years of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 3 months, based on the turn of the month.

PLEASE NOTE! It is always possible to consult the local union representative in your workplace and you are of course welcome to contact Eining-lðja, tel. 460 3600, if you need assistance. For information regarding courses in Icelandic, please contact Akureyri Intercultural Center, tel. 460 1234.

KJARNAFÆÐI

*Njóttu jólanna...
...með aðeins því besta!*

- veldu kofareykt hangikjöt frá Kjarnafæði!

Kofareykta hangikjöt frá Kjarnafæði er sérvalið fyrsta flokks lambakjöt með ljúffengu, ríku og hefðbundnu íslensku reyktbragði, verkað og reykt af kjötiðnaðarmeisturum fyrirtækisins.

Það njóta allir jólanna með hangikjöt frá Kjarnafæði á borðum - því hvað er betra!

HÍÐ EINA SANNA JÓLABRAGÐ!

NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT

SÉRVALÐ FYRSTA FLOKKS LAMBKJÖT
KJARNAFÆÐI
BIOLOGISKT ÍSLENSKT HEIMILISMATUR

PricewaterhouseCoopers á Íslandi

*Sendum félagsmönnum Einingar-Íðju
hugheilar jólakveðjur*

PRICEWATERHOUSECOOPERS

PricewaterhouseCoopers
Glerárgata 34, 600 Akureyri
Símanúmer: 460 2400
Símbrefsnúmer: 460 2401
Netfang: pwc.akureyri@is.pwc.com
Netfang innheimtu: innheimta@is.pwc.com

Símeý – ekki bara námskeið

Langar þig til að mennta þig meira, en veist ekki hvað þig langar til að læra? Hjá Símeý – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar – geta meðal annars félagsmenn Einingar-löju og allir sem vilja, farið í viðtal við náms- og starfsráðgjafa sér að kostnaðarlausu. Um er að ræða 20 til 30 mín. viðtal en hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að veita fólki á öllum aldri upplýsingar um nám og störf.

Valgeir Magnússon starfar sem náms- og starfsráðgjafi hjá SÍMEY. Hann segir að slíkt viðtal sé í raun nauðsynlegt til að hægt sé að aðstoða einstaklinginn við að meta stöðuna, áhuga og hæfni. „Við gerum heildstæða áætlun um mögulegar leiðir við að finna nám, sí- og endurmenntun og starfsvettvang við hæfi. Þessi ráðgjöf er góð hvatning sem getur haft úrslitaáhrif þegar tekist er á við ný verkefni. Hvatning til virkrar símenntunar, sem og aðstoð við þá sem vilja auka menntun sína og færni. Við bjóðum upp á þann möguleika að taka áhugasviðsgreiningu, sem er gagnleg leið til að finna hvað hentar hverjum og einum,“ segir Valgeir.

Það þarf að panta viðtal og er best að leggja inn beiðni í síma 460 5720 eða senda tölvupóst á valgeir@simey.is



Valgeir Magnússon.



Fjölmargin í boði

Mjög fjölbreytt nám er í boði hjá SÍMEY, bæði einingabærar námsleiðir og styttri námskeið. Meðal lengri námsleiða sem eru á dagsskrá má nefna Grunnmenntaskólann, Leikskólabró og Félagsliðanám. Einnig er í boði nám fyrir þá sem eiga við lestrar- og skrifarörðugleika að etja, sem hefur gefist sérlega vel. Aftur í nám og Skref til sjálfshjálpar. Mikil aukning hefur átt sér stað hvað varðar framboð á sí- og endurmenntun og hefur SÍMEY verið með nýjungar í starfsemi sinni í haust. Má þar nefna Fagnámskeið fyrir starfsmenn leikskóla, þjónustuliðar, og Grunnmenntaskólann við utanverðan Eyjafjörð. Tungumálanámskeiðin hafa gengið afar vel í haust.

Eftir áramót verður í boði stærðfræði og íslenska til að styrkja nemendur og foreldra í þessum greinum. Nám fyrir millistjórnendur hefur gengið mjög vel í haust en það er nám sem er hugsað fyrir verkstjóra og aðra sem hafa með stjórnun að gera. Fólki er hvatt til að hafa samband við starfsmenn SÍMEY og koma með hugmyndir að fræðslu og námskeiðum.

Námsskrá og nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.simey.is

Munið eftir námsstyrkjunum!



Eining-löja hvetur félagsmenn sína, sem hyggjast sækja námskeið í vetur, til að kanna rétt sinn á einstaklingsstyrkjum í gegnum fræðslusjóðina sem félagið er aðili að, Landsmennt (www.landsmennt.is), Sveitamennt (www.sveitamennt.is) og Ríkismennt (www.rikismennt.is).

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Aðildarfélagin eru 21 og er þar um að ræða stéttarfélag innan Starfsgreinasambands Íslands (SGS). Ríkismennt SGS er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS. Sveitamennt SGS og LN er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.

Það munar um minna

Félagsmaður í fullu starfi á kost á allt að kr. 60.000 einstaklingsstyrk hjá Landsmennt,



Ríkismennt og Sveitamennt. Hjá Landsmennt er aldrei greitt meira en sem nemur 75% af heildarkostnaði við hvert námskeið, en þeir sem tilheyra Ríkismennt og Sveitamennt eiga rétt á 90% endurgreiðslu af heildarkostnaði þegar um er að ræða nám sem er í beinu samhengi við starf viðkomandi.

Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna meira prófs að upphæð kr. 100.000, hver einstaklingur getur einungis fengið slíkan styrk einu sinni. Ekki skiptir máli hvort allir fjórir þættir aukinna ökuréttinda séu teknir.

Félagsmenn geta einnig fengið styrk vegna frístunda- eða tómstundanámskeiða, en slík námskeið eru styrkt um 50% af heildarkostnaði, þó að hámarki um kr. 18.000.

Athugið! Tómsundastyrkir dragast af heildarupphæð einstaklingsstyrksins.

Lestrar- og ritstuðningur

Félagsmenn sem eru í Landsmennt og eru les-



blindir eða eiga við lestrar- og ritörðugleika að stríða geta sótt um allt að 75% styrk vegna kaupa á hjálpartækjum ætluðum til stuðnings við lestur og skrift. Þeir sem eru í Ríkismennt og Sveitamennt eiga rétt á 90% styrk. Heildarstyrkur miðast við hámarksupphæð skv. almennum reglum sjóðsins eða kr. 60.000.-

Íslenskunám

Félagsmenn sem hafa annað móðurmál en íslensku geta sótt um allt að 75% styrk vegna íslenskunáms eftir mánaðar félagsaðild í aðildarfélagi Landsmenntar. Þeir sem tilheyra Ríkismennt og Sveitamennt geta sótt um 90% endurgreiðslu vegna 150 stunda íslenskunáms eftir þriggja mánaða félagsaðild.

Brynja Skarphéðinsdóttir starfsmaður félagsins, brynja@ein.is, veitir nánari upplýsingar um styrki úr fræðslusjóðunum.

Endurhæfingarsjóður hefur starfsemi

Þessa dagana er Endurhæfingarsjóður að fara af stað með tilraunaverkefni í samvinnu við sjúkrasjóði þriggja stéttarféлага og er Eining-löja eitt þeirra. Starfsmaður félagsins sem sér um Endurhæfingarsjóðinn er Elsa Sigmundsdóttir. Markmiðið með tilrauninni er að undirbúa og þróa starf ráðgjafa hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага um land allt og meta þörf fyrir fræðslu og aðstoð. Tilraunin felst m.a. í prófun og þróun á tilteknum aðferðum, starfsháttum, gátlistum og leiðbeiningum sem ráðgjafinn þarf að nota í starfi sínu. Einnig er unnið að því að þróa fyrirkomulag við meðhöndlun og varðveislu gagna sem uppfyllir lög og reglur um persónuvernd.

Ráðgjafar verða yfirleitt staðsettir hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu og þessa dagana er verið að móta samvinnu milli Endurhæfingarsjóðs og sjúkrasjóða stéttarféлага um störf ráðgjafanna.

Nýtt fyrirkomulag endurhæfingar

Í kjarasamningum sem undirritaðir voru 17. febrúar 2008 gerðu Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) samkomulag um nýtt fyrirkomulag endurhæfingar. Markmiðið var að koma að málum eins snemma og kostur væri til að stuðla að því að



Elsa Sigmundsdóttir.

hver einstaklingur verði svo virkur á vinnu-markaði sem vinnugeta hans leyfir. Sérstakur sjóður, Endurhæfingarsjóður, var því stofnaður í því skyni í maí sl. til að skipuleggja og hafa umsjón með störfum ráðgjafa sem verða aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna, greiða kostnaðinn af störfum þeirra og kostnaðinn af ráðgjöf fagaðila.

Endurhæfingarsjóður mun jafnframt hafa fjármuni til þess að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinni almennu heilbrigðisþjónustu. Miðað er við að í heild verði ráðstafað 0,39% af launum til Endurhæfingarsjóðs. Í fyrsta áfanga er samkomulag milli ASÍ og SA um að leggja sérstakt 0,13% launatengt gjald, Endurhæfingargjald, á launagreiðendur á sama



gjaldstofn og iðgjald til lífeyrissjóða frá og með 1. júní sl. Í öðrum áfanga sem hefst í ársbyrjun 2009 er miðað við að ríkissjóður leggi Endurhæfingarsjóði til sömu upphæð og launagreiðendur samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í þriðja áfanga sem hefst í ársbyrjun 2010 munu ASÍ og SA beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir á samningssviði þeirra greiði til Endurhæfingarsjóðs sama hlutfall og launagreiðendur. Ennfremur munu ASÍ og SA leita leiða til þess að aðrir lífeyrissjóðir greiði til Endurhæfingarsjóðs eftir því sem við á þannig að full framlög fái til sjóðsins vegna þeirra einstaklinga sem Endurhæfingargjald er greitt af.

Samvinnuverkefni

Undanfarið hafa starfsmenn sjóðsins ferðast um landið, haldið fundi til að kynna sjóðinn og einnig til að fá upplýsingar frá heimamönnum. Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Endurhæfingarsjóðsins, og Ása Dóra Konráðsdóttir, starfsmaður Sjóðsins, mættu á fund sem haldinn var Akureyri nýverið og gerðu grein fyrir starfsemiinni.

Vigdís segir að frá því hún tók til starfa í byrjun ágúst hafi hún verið að undirbúa starfsemi sjóðsins. Til dæmis með því að heimsækja stærri félögin. „Ég hef fengið mjög góðar móttökur. Það eru allir mjög spenntir fyrir þessu verkefni og það hefur verið mjög gaman að heimsækja félögin og finna hve stemningin er góð fyrir að takast á við þetta verkefni. Þetta er auðvitað ekkert annað en samvinnuverkefni sjóðsins og sjúkrasjóða félaganna. Jafnframt því sem við erum að kynna sjóðinn erum við að kanna aðstæður á svæðinu. Það er hvernig sjúkrasjóðirnir eru að vinna, hvernig fólk er að koma inn á bætur, hversu margir og slíkt. Líka bara að heyra hvernig fólk hér vinnur með sínum félagsmönnum. Þetta er bara fyrsta skrefið í að byggja upp okkar samvinnu.

Sameiginlegt markmið okkar er að bæta líf fólks og aðstoða það við að viðhalda vinnusambandi sínu. Það er mjög skemmtilegt að fá tækifæri til að byggja upp þessa starfsemi og ég vona að okkar vinna verði til heilla fyrir ykkar félagsmenn,” segir Vigdís.

Miðar í Hvalfjarðargöng

Við viljum minna á að hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofum Einingar-löju á Akureyri, Dalvík og Siglufirði. Hver miði kostar aðeins kr. 520. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Ólafsfirði, í Hrísey og á Grenivík.

Stök ferð fyrir venjulegan fjölskyldubíl í flokki I kostar kr. 800 og því er sparnaður töluverður ef miðar eru keyptir á skrifstofu Einingar-löju. Sem dæmi má nefna að þeir sem kaupa tvo miða, ætla sér að aka fram og til baka um göngin, spara kr. 560.



Fyrirvaralaus uppsögn

- hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður, sem rekinn er úr starfi eða sagt upp, geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf. Þeir starfsmenn, sem sagt er upp, eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars er líklegt að þeir séu að tapa launum í uppsagnarfresti.

Eftirlæti vélstjórans

Á heimasíðu Ekta fisks (www.ektafiskur.is) má finna fjölmargar girnilegar uppskriftir að saltfiskréttum sem og öðrum fiskréttum. Hér eru ein þeirra.

Eftirlæti vélstjórans

Handa 4

700 - 800 g sérúrvatnaður saltfiskur

5 stórir sveppir

1-2 laukar

2-3 gular paprikur

u.þ.b. 5 cm bita af þúrrulauk

3 beikon sneiðar

1 tsk. sykur

3 fullar msk. léttostur með blönduðum
sjávarafurðum

u.þ.b. 1-2 bollar af mjólk

sletta af rjóma

kjúklingakrydd

hvítlaukspipar

Saltfiskurinn er settur í vatn, suðan látin koma upp og vatninu síðan hellt af. Skerið grænmetið og beikonið í litla bita og steikið á pönnu þar til það er orðið mjúkt. Stráið smá sykri yfir í steikingunni (má sleppa en það vegur upp á móti saltbragðinu). Mjólkinni hellt yfir, suðan látin koma upp og síðan er rjómanum og

ostinum bætt út í. Kryddað eftir smekk (nota það mikið af kjúklingakryddi að það komi smá gulur blær á réttinn). Þegar allt þetta hefur samlagast er saltfisknum bætt út í og rétturinn látinn malla við vægan hita í u.þ.b. 10 mín.

Meðlæti:

Hrísgjörn og gott salat ásamt grilluðu brauði.



Orlofsferðir Einingar-löju sumarið 2009



Innifalið í verði:

- Akstur: Allur akstur erlendis.
- Flug: Keflavík - Berlín - Keflavík.
- Gisting: 10 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.
- 6 kvöldverðir, annarsstaðar en í Prag.

Boðið verður upp á rútuferð
Akureyri – Keflavík – Akureyri

fjörðurinn skoðaður og á fjórða degi farið upp með Dettifossi, í Mývatnssveit og þaðan heim.

Ferðin kostar kr. 19.500 á mann, innifalið er allur akstur, svefnþakagisting og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld og þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nesta sig sjálft.

Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 7.000.

Berlín-Prag-Bamberg-Berlín

Farið verður til Berlínar, Prag og Bamberg dagana 4. til 14. júní 2009, ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns. Flogið frá Keflavík til Berlínar í Þýskalandi þar sem gist verður í tvær nætur og borgin skoðuð. Síðan verður ekið til Prag og þar gist í þrjár nætur og borgin skoðuð. Næst verður farið til bæjarins Bamberg og gist í þrjár nætur, bærinn skoðaður og næsta nágrenni. Síðan verður ekið aftur til Berlínar og gist í tvær nætur. Flogið heim til Keflavíkur frá Berlín.

Gisting: í tveggja manna herbergjum á hótélum.

Verð kr. 155.000 á mann miðað við að evran sé skráð á kr. 148, en kr. 161.000 ef gengið á evru er kr. 162

Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 20.000.


Dregnir verða 18 orlofspunktar frá punktæign þeirra sem fara í ferðina.



Melrakkaslétta-Þórshöfn-Langanes-Vopnafjörður

Fjögurra daga síðsumarferð verður farin um Melrakkaslétta til Þórshafnar, út á Langanes og til Vopnafjarðar 10. til 13. ágúst nk., ef næg þátttaka fæst. Hámark 40 manns.

Farið verður á fyrsta degi um Melrakkaslétta til Þórshafnar, en þar verður gist allar næturnar á dýnum í skólaflokkum í Grunnskólanum á Þórshöfn. Á öðrum degi verður farið út á Font á Langanesi. Á þriðja degi verður Vopna-



Grimsey

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin laugardaginn 20. júní nk. Farið verður til Grímseyjar frá Dalvík með Sæfara. Þar verður stoppað í fjóra klukkutíma, snæddur hádegisverður og ýmislegt skoðað í eyjunni.

Ferðin kostar kr. 5.000 á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar verður á skrifstofu félagsins á Akureyri, Skipagötu 14, og í síma 460 3600 frá mánudeginum 5. janúar 2009.

Fyrirtækjaheimsókn

Ekta fiskur



„Þegar ég var 12 ára gamall, uppúr 1965, að byrja að vinna í saltfiski með foreldrum mínum og systkinum fór ég strax að spá í hvað það væri mikil synd að flytja allan saltfiskinn, þetta fína hráefni, úr landi í 50 kg strigapokum sem var hent upp á bíla og lítil virðing borin fyrir að mér fannst. Strax þá 12 ára eignaðist ég þann draum að fullvinna fisk og þá sérstaklega saltfisk í tilbúna rétti sem þyrfti bara að hita upp heima. Núna 40 árum og mikilli vinnu seinna er þessi draumur orðinn að veruleika. Þetta sýnir okkur mikilvægi þess að halda í draumana og gefast ekki upp, það kemur að því að þeir rætast.“

Elvar Reykjalin.

Á Hauganesi má finna fyrirtækið Ektafisk ehf., sem á rætur að rekja í yfir 100 ára gömlu fjölskyldufyrirtæki. Fyrirtækið er löngu orðið landsþekkt fyrir framleiðslu sína á útvötnuðum og beinhreinsuðum saltfiski í neytendaumbúðum. Það er brautryðjandi í slíkri framleiðslu og eina fyrirtækið sem er að framleiða og dreifa slíkri vöru um allt land, bæði í verslanir og veitingahús, og einnig erlendis.

Elvar Reykjalin, framkvæmdastjóri og einn eigenda, segir að rekja megi byrjunina til árána upp úr 1900 þegar afi hans byrjaði á róa á sjó og flatti og saltaði sinn fisk.

Þetta hefur síðan haldist mann fram af manni og alltaf er saltfiskurinn unnin eins og afi kenndi okkur það. Nú er ég að vonast til að afa og ömmu börn okkar Guðlaugar konu minnar taki við og haldi uppi merkinu.

Árið 1991 hófum við framleiðslu á vörum undir vörumerkinu Ektafiskur. „Þetta var í fyrsta sinn sem landsmönnum var boðið upp á beinhreinsaðan útvatnaðan saltfisk í lofttæmdum umbúðum. Við sendum svo þremur árum seinna fyrstu pokana af þessari vöru á markað á Spáni og í útbreiðdu blaði í Madrid var haft eftir þar sem Sigga Hall þeirra Madridbúa að þetta væri sennilega besti saltfiskur sem hægt væri að fá á Spáni,“ sagði Elvar og bætti við að allar götur síðan hefur verið flutt út á Spán í misjafnlega miklu magni, „það var reyndar aldrei ætluin



að flytja út í miklu magni heldur selja hágæða vöru til þess hóps sem setur ekki verð fyrir sig.“

Ekta réttir

„Í upphafi árs 2006 var sú ákvörðun tekin að setja á markað tilbúna saltfiskrétti, sem aldrei hafði verið gert áður hér á landi, fyrst fyrir stóreldhús og mótuneyti, og síðar fyrir almenna neytendur. Við stofnuðum fyrirtækið Ekta rétti ehf. með góðvini okkar Sveini í Kálfskinni og keyptum hús á Hauganesi sem við breyttum í fullkomið eldhús sem stenst ströngustu kröfur í matvælavinnslu. Í upphafi árs réðum við listakokkinn Jón Vídalín til starfa sem nú er yfirkokkur og framleiðslustjóri Ekta rétta ehf. Framleiðsla á tilbúnum réttum hófst svo í byrjun árs 2007 og þá ekki bara tilbúnum saltfiskréttum, heldur úr allskonar ljúffengu sjávarfangi. Þessum réttum hefur verið tekið afskaplega vel alveg frá upphafi og erum við nú þegar með um 30 vörutegundir á matseðlinum og sífellt bætast við nýjungar eftir því sem við þróum framleiðsluna áfram. Í allt eru hjá báðum fyrirtækjunum á boðstólum yfir 100 vörunúmer af allskonar réttum,“ segir Elvar.



SPARISJÓÐURINN
Siglufirði

Óskum viðskiptararinnar nær og fjar gleðilegra jóla og farsæls nýs árs



Eining-Iðja přeje svým členům veselé Vánoce a šťastný nový rok,
a děkuje za společně prožité chvíle v uplynulém roce.

Utanlandsferðin 2008

4. til 15. júní - skrásetjari Magga Kristín Björnsdóttir



Magga Kristín.

Það var hress hópur frá stéttarfélaginu Einingu-löðu sem lagði af stað frá planinu framan við Alþýðuhúsið á Akureyri að kvöldi þann 4. júní sl. undir fararstjórn Björns Snæbjörnssonar. Ætlunin var að vera komin í Leifstöð síðla nætur og fara með flugi til Amsterdam að morgni þess 5. Tanni Travel sá um allan akstur að venju, en bílstjóri rútnunnar til Keflavíkur var Sigurbjörn Árnason.

Á leiðinn var stoppað í Staðarskála þar sem vel var tekið á móti okkur að venju þótt um hánótt væri. Í Leifstöð var Harpa, leiðsögukonan okkar, mætt og fleiri bættust í hópinn sem höfðu gist á suðurlandinu.

Farið var í loftið klukkan 7:40 og reyndu flestir að ná sér í smá svefn í vélinni á leiðinni út. Við lentum á Skiphol flugvelli við Amsterdam um kl. hálf tvö að staðartíma og þar beið eftir okkur Sveinn Sigurbjarnarson, eða Svenni, bílstjórinn okkar nú sem fyrr. Er upp í rútna var komið byrjaði Harpa á því að kynna sig, hún er Hallgrímsdóttir og uppalin á Skaganum. Flutti til Þýskalands 1995 og bjó þar í 8 ár, bæði í nágrenni Berlínar og í Svartaskógi. Hún býr nú í Skálholti og vinnur við bókhald og ferðaþjónustu og hefur m.a. verið með leiðsögn í nokkur ár hjá Bændaferðum. Fyrstu tvær næturnar átti að gista í Brussel í Belgíu og vorum við lögð af stað þangað stuttu fyrir klukkan þrjú. Belgía er eitt af Beneluxlöndunum ásamt Hollandi og Luxemburg. Í Brussel sem er höfuðborg Belgíu býr um ein milljón manns.

Á leiðinni til Brussel ókum við um borgina Rotterdam, þar sem búa um 590.000 manns. Það var mikil umferð enda vorum við á ferð á þeim tíma dags sem búast má við því. Við mjökuðumst áfram í endalausum bílaröðum. Þarna er mikið gatnakerfi, brýrnar eru á tveimur, þremur og kannski fleiri hæðum og liggja þarna út um allt. En þolin-

mæði þrautir vinnur allar og gott var að koma á Hótel Mercury um kvöldið og leyfa ferðapreyttunni að líða úr sér.

6. júní, föstudagur

Það fór vel um okkur í finum herbergjum með góðum rúmum og því var það afslappaður hópur sem hélt af stað í skoðunarferð um borgina. Brussel hefur verið kölluð höfuðborg Evrópu, þar er Evrópuþingið haldið og þar eru meðal annars Evrópska alþjóðaráðið, höfuðstöðvar Nato og Evrópuhúsið svo eitthvað sé nefnt. Mikið er af stórum og völdugum byggingum hvarvetna í Brussel, sem kemur ekki á óvart miðað við hennar hlutverk í Evrópu. Þegar ég hugsa nú til Brussel, koma upp í hugann stórar byggingar og jakkafataklæddir menn með regnhlífar á gangstéttunum, enda var þarna rigningsrúddi þegar við fórum um.

Svenni er ekkert að hika við akstur í stórborg, enda hefur hann þrjár leiðsögukonur og tvær af þeim rafrænar, sem við kölluðum „kjaftakerlingar.“ Hann lét sér hvergi bregða þótt flautað væri kröftuglega þar sem hann ók á móti umferðinni, þar sem aðeins mátti aka í eina átt.

Eftir að hafa skoðað okkur um í borginni var stoppað í miðbænum. Þar fórum við í gönguferð og Harpa með íslenska fánann í fararbroddi. Við komum á stórt torg sem var umlukið gömlum merkjum húsum og skoðuðum kaþólska kirkju sem er þar nálægt. Að því loknu var frjálst tími til að skoða sig um og kíkja í búðir. Þarna eru mest áberandi flottar skóbúðir, að ég tali nú ekki um súkkulaðibúðirnar, hvað þær eru flottar og er Belgískt konfekt alveg frábært. Einhverjir sáu styttna af pissustráknunum, sem er tákn fyrir Brussel. Styttan er við endann á lítilli hliðargötu stutt frá torginu, það ber ekki mikið á henni þar sem hún er frekar lítil og fellur inn í umhverfið við hornhús sem þar stendur.

Slátraragatan heitir gata sem er við torgið, en þar eru tugir veitingahúsa sitt hvoru megin við þrönga götuna. Þarna er fullt af þjónum sem bjóða gull og græna skóga ef menn koma til þeirra. Við snæddum þarna ljúffengan mat, en oft held ég að menn gleymi því verði sem lofað var við inngönguna þegar greitt er fyrir gæðin.

Eftir miðbæjarrölt í rigningu og uppstyttnu og rigningu aftur, var haldið til baka á hótelið. Um kvöldið fór hópurinn saman á ítalskan veitingastað sem Harpa var búin að boða komu okkar á. Við höfðum ætlað að ganga þangað en það rigndi mikið, Svenni var því fenginn til að fara með okkur í rútnu og var það auðsött. Það tók okkur hálf tíma að aka þangað og hefðum við sennilega náð að blotna vel ef við hefðum gengið. Maturinn var frábær, þriggja rétta máltíð, þar sem hægt var að velja á milli þrennskonar aðalréttar. Góð stemmning í hópnum og var afmælissöngurinn sunginn fyrir Guðrúnu Kára, sem átti stórt afmæli stuttu fyrir ferðina. Jakob bróðir hennar kom henni á óvart með



óvæntum kræsingum. Við vorum komin á hótelið um tólf-
leytið og notalegt að halla sér á koddann.

7. júní, laugardagur

Eftir morgunverð var öllum töskum komið í rútuna og hótelið með súkkulaðigosbrunninum í anddyrinu kvatt. Nú átti að halda frá Brussel til Luxemburg, sem er um 200 km. leið. Það var rigning þegar við lögðum af stað og Palli Magg. var fenginn til að skipa veðurspámann til að breyta þessu eitthvað. Palli skipaði Óla Dalvíking til að sjá um veðrið í ferðinni og voru allir sáttir við það, nema kannski Óli sem hélt að hann gæti litlu ráðið þar um. Harpa sagði okkur frá Habsburg eða Habsborgaraættinni sem bjó í Luxemburg áður fyrr. Við tókum upp söngbækurnar og sungum nokkur lög, horfðum á umhverfið út um gluggana og sáum meðal annars skipastiga er við ókum meðfram ánni Maas og fengum að heyra nokkra brandara úr kverinu hjá Bjössu.

Eftir stopp þar sem gott var að rétta úr sér og næra sig var haldið aftur af stað. Óli veðurspámaður stóð sig vel í hlutverkinu, úti hækkaði hitinn og sólin var farin að skína.

Í Luxemburg búa um 365.000 manns, en stærð landsins samsvarar V-Húnavatnssýslu. Í borginni sjálfri búa um 114.000 manns. Stórt gil skiptir borginni í tvo hluta, í því eru fallegir garðar og byggð. Við komum farangrinum inn á herbergin í Hotel Best Western, fengum okkur smá snarl og söfnuðumst svo saman til göngu að Hertogahöllinni sem stendur við áður nefnt gil. Harpa var sem áður með íslenska fánann í broddi fylkingar. Það er afskaplega fallegt að koma að Hertogahöllinni, reyndar komumst við ekki inn í garðinn því hliðið var læst. Þarna er útsýnispallur og sést vel yfir gilið og gömlu brúna og ýmsar byggingar sem þarna eru. Um kvöldið fóru flestir á afskaplega skemmtilegan kínverskan veitingastað þar sem boðið var upp á hlaðborð af kínverskum krásam, gírnilegt og mjög gott.

8. júní, sunnudagur

Klukkan 10 lagði hópurinn af stað í rútunni „Drottningu“ frá Hotel Best Western í Luxemburg og var ferðinni heitið til Bremm í Moseldalnum í Þýskalandi. Eftir stuttan akstur fórum við að sjá falleg litil þorp og endalausar vínekrur upp með öllum hliðum og stöku kirsuberjatré, grátvíði og körfuvíði og reisuleg býli vínbændanna.

Eftir rúmlega klukkustund ókum við í fyrsta sinn í ferðinni yfir Mósélána. Hitinn úti var kominn í um 25°C þegar við stoppuðum í Bernkastel-Kues, afskaplega fallegum gömlum bæ með skemmtilegu litlu torgi í miðbænum. Þröngar götur liggja út frá torginu í allar áttir sem er mjög gaman að ganga um. Gömlu húsin við torgið og göturnar í kring eru flest bindingshús með feykilega fallegum skreytingum og eru líka mjög skemmtilega skökk.

Bernkastel-Kues stendur við bakka Mósélárinnar og ekki langt frá þar sem rútan stoppaði er súla sem sýnir hversu hátt vatnið getur farið þegar flóð eru í ánni. Það er ótrúlegt að sjá hversu hátt flæðir þarna um byggðina. Eftir góða dvöl í Bernkastel-Kues var ferðinni heitið í vínsmökkun hjá



vínbóndanum á Schlagkamp-Desoye, þar er líka merkilegt og mikið safn af allskonar munum sem við kemur vingerð, búskap, heimilishaldi, iðnaði og ýmsu fleiru. Bóndinn á bænum sagði okkur frá framleiðslunni um leið og við fengum að smakka á veigunum. Hvítvín og rauðvín, súr og sæt og allt þar á milli. Hann kenndi okkur að það ætti að segja „prosit“ þegar skálað væri í víni, en „prost“ þegar skálað væri í bjór.

Eftir að hafa svolgrað í sig nokkrum tegundum að víni og sagt prosit eftir þörfum (og sumum fannst þetta betra en öðrum) héldum við til Bremm á hótelið okkar sem heitir Hótel Hutter. Þegar búið var að koma sér fyrir var snæddur kvöldverður á hótelinu. Þjónustan var svolítið stírf og greip Harpa inn í og sýndi snilldartakta í þjónustustörfum eins og hún hefði aldrei gert annað.

9. júní, mánudagur

Það var glaða sólskin og 21°C hiti, e.t.v. í tilefni af því að í dag áttu tvær konur í hópnum afmæli, þær Hulda Ellerts og Harpa, leiðsögukonan okkar. Við sungum afmælis-sönginn fyrir þær og óskuðum þeim til hamingju með daginn.

Í dag á að skoða Koparnámu í námunda við bæinn Idar Oberstein. Við planið þar sem Svenni lagði rútunni er veitingastaður og var aðeins komið þar við á leiðinni að námunni. Harpa gekk frá því við staðarhaldara að hóp-urinn fengi eitthvað að borða, þegar komið yrði til baka. „Jú, ekkert mál, nýbúið að versla inn, nóg til“ sagði hann. Nú var haldið gangandi til námunnar Fischbacher Kupferbergwerk og mikið var hópurinn vígalegur með gulu hjálmana, sem settir voru upp áður en farið var þar inn.

Náman er mjög stór með mörgum stigum, stöllum og skorningum sem gengið er um. Það var óhugnanlegt að hugsa til þess hvað starfsmenn urðu að leggja sig í mikla hættu við vinnu í námunni, þar sem það þurfti að klífra mikið og í kolniðamyrkri. Viða eru mikil þrengsli í skorningum þar sem aðeins smávaxið fólk kemst um. Þessi náma hefur ekki verið nýtt í áratugi, en nú er búið að gera hana skemmtilega til að skoða. Þarna hafa verið sett upp





líkón af mönnum við vinnu, ásamt sýnishornum af tækjum sem þeir notuðu. Eftir að hafa skoðað koparnámuna var haldið til baka á fyrrnefndan veitingastað. Það fór nú samt svo þrátt fyrir allt, að það var ekki nóg til af mat og sumir urðu að láta ís duga, með bros á vör.

Þegar við ætluðum að leggja af stað aftur, fór rútan ekki í gang. Nú voru góð ráð dýr, en þeir hörðustu fóru fram fyrir rútuna og ýttu henni í gang eins og sannir víkingar og fóru létt með það. Þeir fengu svo bjór hjá Svenna fyrir hjálpina.

Það var stutt að fara til Idar Oberstein, þar var hægt að versla allskonar steina og einnig ýmislegt unnið úr steinum, t.d. keypti undirrituð fallegan óróa sem gerður er úr söguðum steinflögum. Þar er gömul kirkja byggð inn í fjallið ofan við bæinn og er gaman að fara þangað upp, þótt tröppurnar séu fjandi margar. Þaðan er fallegt útsýni yfir bæinn og næsta nágrenni.

Í Idar Oberstein átti Svenni ágætis leik, þegar hann ók inn götu þar sem menn voru að vinna við lagfæringar. Þarna var heldur þröngt og voru vegavinnumennirnir ekki hrifnir af að rúta væri að reyna að fara þar um. Harpa náði tali af einum og spurði til vegar en eitthvað var hann óðamála og Harpa sagðist ekki hafa skilið nema lítið af því sem hann sagði. Svenni bakkar til baka og þeir þarna úti fylgjast grannt með, sumir veifuðu og bentu. Nú kallar einhver aftan úr rútunni: „Svenni, það er skilti fast aftan á rútunni!“ Þegar Svenni fann loks pláss til að snúa rútunni við, þá stóð skiltið eftir á miðri akreininni og var mikið hlegið af öllu saman. Líklega hafa „kjaftakerlingarnar“ af-vegaleitt Svenna þarna.

Það var síðan haldið til Bremm og kvöldmatur snæddur á hótelinu. Það var dásamlegt veður og frábært að sitja úti eftir matinn eða rölta um þennan fallega bæ.

10. júní, þriðjudagur

Í dag er ferðinni heitið til Trier, úti er 18°C hiti og klukkan 10 var lagt af stað. Fyrsta vísa ferðarinnar leit dagsins ljós og hefur hún sennilega orðið til eftir ferðina í Idar Oberstein. Höfundur er ókunnur.

*Sveini ei reyndist gatan greið
gerðust stórmerk undur.*

*En hann fann bara aðra leið
fyrst þessi fór í sundur.*

Í Trier var fyrst haldið upp á Petrisberg. Þaðan er glæsilegt útsýni og sést vel yfir borgina. Trier er gömul háskólaborg þar sem búa um 100.000 manns og hefur hún að geyma mikið af gömlum minjum. Þar eru t.d. Rómversk böð og rómverskt hringleikahús þar sem fólk fyrr á öldum safnaðist saman til að horfa á þræla berjast og fleiri þess tíma samkomur.

Haldið var í miðbæinn þar sem gott er að versla og margt að sjá, meðal annars, hið fræga hlið þeirra sem nefnist Porta Nigra, sem er ævagamalt borgarhlið. Það er ekki leiðinlegt að skoða sig um í þessari fallegu borg og veðrið frábært um 30° hiti og sólskin. Haldið var af stað aftur til Bremm eftir góða dvöl í Trier og með marga innkaupapoka.

Um kvöldið var farið í siglingu á Mósélánni, en fyrst þurfti að koma því sem hafði verið verslað í Trier inn á herbergi, skola af sér svitann og laga sig til. Maturinn var með fyrra fallinu á hótelinu um kvöldið og síðan var lagt af stað til bæjarins Cochem, en þaðan sigldi báturinn. Það var dásamlegt veður, kyrrt og um 20° hiti. Þegar við lögðum frá landi var rétt að byrja að rökka og allt umhverfið baðað í síðdegissólinni. Hliðarnar með vínviðunum upp um allt, flotti gamli kastalinn á hæðinn ofan við bæinn og áin gullin og kyrrlát. Það var góð stemmning og gleði í hópnum, þar sem við sátum uppi á þaki á matsalnum í ferjunni. Frábær tónlist var spiluð á skemmtara og söng viðkomandi hljóðfæraleikari með, lög sem flestir þekktu gömul og ný.

Það var dansað, sungið og marserað og allir skemmtu sér konunglega. Á heimleiðinni fengu hressar hollenskar konur far með okkur áleiðis til Bremm, þær voru að skemmta sér á meðan eiginmenn þeirra voru að veiða. Það var mikið sungið í rútunni á leiðinni til Bremm og leið þetta skemmtilega kvöld alltof fljótt.



11. júní, miðvikudagur

Að venju var lagt af stað klukkan 10, 18° hiti úti og sólskin á köflum. Í dag átti Haraldur Krüger 50 ára afmæli, en hann á ættir sínar að rekja til Þýskalands. Afmælissöngurinn var sunginn og honum færð afmælissgjöf og hamingju-öskir.

Ferðinni var heitið til Koblenz og Cochem. Í Koblenz, sem er frá því 900 fyrir Krist, búa um 110.000 manns. Við skoðuðum „Þýska hornið“ eins og það er kallað, þar sem Mósél rennur í Rín. Þarna er líka minnisvarði um Vilhjálm keisara frá 1871, risastór stytta á háum stalli. Hægt er að komast upp á stallinn og sést þá vel yfir svæðið í kring. Þess má geta að Róbert Arnfinnsson leikari er fæddur í Koblenz.

Síðan var ekið til baka til Cochem. Á leiðinni fórum við yfir feykilega langa og háa brú sem er yfir Mósél ána, undir þessari brú er hæsti stólpinn 149 metrar á hæð. Cochem er miðaldabær þar sem búa um 6.000 manns. Fallegur og stór kastali er ofan við bæinn og er hægt að fara með stólalýftu upp í fjallið og njóta frábærs útsýnis. Veitingahús er þar uppi þar sem hægt er að kaupa sér smárétti og drykki. Það fóru nokkrir upp á fjallið og var það mikið afrek fyrir Hönnu Dóru sem er mjög lofthrædd, hún lét slag standa og dreif sig í traustri fylgd Boggu Snæbjörns. En svo varð að fara aftur niður og fékk hún hvatningu frá ferðafélögunum og einnig að heiman þar sem henni var sagt að drífa sig niður því þau vildu fá hana aftur heim. Hanna komst þetta að sjálfsgöðu heilu og höldnu og verður ábyggilega auðveldara fyrir hana að fara upp á næsta fjall.

Í Cochem er fallegur miðbær með mörgum litlum búðum sem varð að skoða nánar og sumir kíktu í björglas. Í ljós kom að þetta var tveggja bjóra bær, ef miðað er við þann tíma sem fór í búðarráp. Ferðin heim var stutt og matur á hótelinu um kvöldið. Fólk eyddi svo kvöldinu í að undirbúa brottför frá Bremm að morgni.

12. júní, fimmtudagur

Klukkan 10 voru allir komnir í rútuna. Nú átti að aka rúmlega 400 km. til Amsterdam í Hollandi. Það var 18° hiti úti og sólin gægðist annað slagið á milli skýja, sem sagt gott ferðaveður. Eftir því sem norðar dró lækkaði hitinn og þegar við nálguðumst Kóln var hitinn kominn niður í 14°.

Við renndum yfir landamærin frá Þýskalandi til Hollands og ætluðum að gera langþráð stopp á veitingastað sem auglýsti sig við hraðbrautina. Það varð smá útúrdúr að finna hann og allir orðnir svangir. Þegar við renndum þar í hlað kom maður hlaupandi út að rútunni til okkar og sagði að við gætum ekki stoppað, það þyrfti nefnilega að panta fyrirfram ef stoppa ætti á þessum stað. Harpa spurði hann um næsta stað sem hægt yrði að stoppa á, en hann gat ekki gefið neinar upplýsingar um slíkt. Hann var ekki mjög hjálpsamur þessi og ekki veitti hann leyfi til að fara á snyrtingar heldur.

Þá var ákveðið að stoppa smá stund hinumegin á planinu sem er risastórt, til að rétta aðeins úr sér. Við vorum varla komin út úr rútunni þegar þessi „óvinsamlegi“

renndi til okkar á bíl, sagði að við værum þarna á einkaeign og skyldum drífa okkur í burtu strax, sem og við gerðum, steinhissa á þessum móttökum. Að endingu stoppuðum við svo á ágætum stað, í litlum bæ sem heitir Huissen, og fengum þar eitthvað í gogginn og ég tala nú ekki um hvað gott var rétta úr sér og komast á salerni.

Það gekk á með skúrum þegar við nálguðumst Amsterdam. Í borginni var 15° hiti og hálfskýjað. Við komum okkur fyrir á Hem hótél Amsterdam, sem er í út hverfi borgarinnar. Í námunda við hótelið eru veitingastaðir; líbanskur, kínverskur og franskur. Flestir fóru á kínverska staðinn og aðrir á franska staðinn, á báðum stöðum var í boði mjög góður matur. Í dag lögðum við vel á fimmta hundrað kílómetra að baki, ókum reyndar um 30 km. í svona skemmtilega auka útúrdúra.

13. júní, föstudagur

Klukkan 10 var haldið í skoðunarferð um Amsterdam. Jón Þorsteinsson, söngvari sem hefur verið búsettur í Amsterdam síðan 1980 og starfar þar við söngkennslu, var mættur í hópinn og ætlaði að veita okkur ýmsan fróðleik um borgina.

Holland er að stórum hluta neðan við sjávarmál og er til dæmis Skiphol flugvöllur sex metrum neðan sjávarmáls. Í Amsterdam er mjög fallegur byggingaarkitektúr. Jón sýndi okkur mjög völdugt óperuhús, þar sem gyðinga-





gettóin voru í seinni heimstýrjöldinni. Við ókum um þar sem Rembrantsafnið er og gríðarlega fallegt tónlistarhús sem var stækkað fimm hæðir ofan í jörðina. Húsið var tjakkað upp á meðan unnið var að gerð þessara neðan-jarðarhæða, en það merkilega er að það féllu aldrei niður tónleikar á meðan á framkvæmdum stóð.

Í Amsterdam er fasteignaskattur greiddur eftir því hversu margir gluggar eru á framhlið hússins, sem er dálítið kúnstugt. Alls staðar eru þessar „horngrýtis hjóla-beljur“ eins og Jón kallaði hjólandi vegfarendur, sem er mjög mikið af í Amsterdam.

Þessi fróðlega og skemmtilega ferð um borgina tók um 90 mínútur. Eftir það var farið í tveggja tíma siglingu á síkjunum í Amsterdam. Það var alveg frábært að sjá alla bátana sem fólk býr í og eru sumir þeirra ekkert slor, en

aðrir hefðu gott af smá málningu. Við sáum húsið þar sem Anna Frank bjó en í dag er þar safn og var löng biðröð við innganginn. Eftir siglinguna héldum við á hótelið og kvöldið notað til að líta í kringum sig í nágrenni þess.

14. júní, laugardagur

Í dag var frjálfs dagur og því sváfu sumir svolítið lengur. Þeir sem vildu gátu farið með Svenna í rútunni klukkan ellefu í miðbæinn. Svenni ætlaði síðan að sækja þá sem það vildu aftur klukkan fjögur. Hópurinn fylgdist að þar til við komum að Ameríkan hótelinu, þaðan fóru margir á göngugötuna og röltu í búðir. Undirrituð fór ásamt fleirum í Vincent van Gogh safnið sem er mjög stórt og er mikil upplifun að koma þar. Einhverjir fóru á vaxmyndasafn og svo var sest úti á kaffihúsi og mannlífið skoðað. Lögregluþjónar vöktu athygli þar sem þeir riðu nokkrir saman um á hestbaki og er alveg ótrúlegt að það skuli vera hægt að fara ríðandi á hesti um göturnar í miðbæ stórborgar. Eftir góða ferð í miðbæinn fórum við nokkur á franska veitingastaðinn áður nefnda. Það var að hefjast leikur Hollendinga og Frakka í Evrópukeppninni í fótbolta. Á þessum franska stað var eingöngu skreytt með litum Hollands og sjónvarpið stillt svo hátt að maður heyrði ekki í sjálfum sér, hvað þá öðrum. En það var gaman að fylgjast með Hollendingunum sem voru þarna inni, skreyttir í landsliðslitunum með lúðra og lifðu sig greinilega inn í stemninguna í leiknum. Eftir matinn var haldið áfram að horfa á fótboltann á barnum á hótelinu yfir nokkrum björglúsum. Hollendingar unnu leikinn svo það var vel fagnað eftir leik.

15. júní, sunnudagur

Síðasti dagur ferðarinnar rann upp og var allt á rólegu nótunum fram að brottför frá hótelinu klukkan hálf ellefu. Eins og ávallt voru allir komnir í rútu vel fyrir brottfarartíma. Það gekk ljómandi vel að komast á flugvöllinn og finna rétta hliðið. Á kveðjustund á Skiphol flugvelli, þar sem Svenni ætlaði ekki með okkur heim, komu þessar vísur og höfundur er ókunnur.

*Við reiðum okkur á rektorsfrúna
sem reyndar verðum að kveðja núna.
Og víst var gaman, því margt hún kunni
við lofum hana öll einum munni.*

*Á Svenna höfum við miklar mætur,
Með honum rúntum við fram á nætur.
Aldrei velur hann breiða veginn
virðist smuga hinumeginn.*

Þegar við lentum í Keflavík var frekar svalt í veðri en þurrt. Ferðin heim til Akureyrar gekk vel og var Sigurbjörn bílstjóri, eins og á leiðinni suður. Á planinu fyrir framan Alþýðuhúsið kvöddum við ferðafélagana með þakklæti fyrir góða samveru í þessari frábæru ferð.

Takk fyrir mig.

Magga Kristín Björnsdóttir



Ferðakvöld - Evrópuferð rifjuð upp

Það var glatt á hjalla þegar rúmlega 30 manns sem fóru með í Evrópuferð félagsins síðastliðið sumar hittust nýlega í Alþýðuhúsinu og rifjuðu upp ferðina í máli og myndum. Á ferðakvöldinu komu fjölmargir með myndir sem gengu manna á milli til sýnis og einnig var lesin upp ferðasaga sem Magga Kristín Björnsdóttir hafði sett á blað.

Punkturinn er fyrir alla

Punkturinn, handverks- og tómstundamiðstöð, er rekinn af Akureyrarbæ og til húsa í Skólástíg 2, Rósenborg/möguleikamiðstöð (Gamli Barnaskólinn). Punkturinn er opin öllum sem áhuga hafa á handverki en þar er boðið upp á fjölbreytt námskeið og opnar vinnustofur til handverks, svo sem glervinnslu, leir, vefnað, saumastofu, smíðastofu, mósaík, víkingakeðju, ullarþæfingu, silfursmíði, steinaslípun og margt fleira.

Opnið er frá kl. 13:00 til 17:00 alla virka daga og einnig mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl. 19:00 til 22:00.

Fjölbreytt námskeið

Halldóra Björg Sævarsdóttir, umsjónarmaður Punksins, segir að margir haldi að Punkturinn sé einungis fyrir atvinnulausa, en svo er ekki.

„Punkturinn er miðstöð sem er opin fyrir alla. Við setjum upp fjölbreytt námskeið í handverki þar sem kennd eru undirstöðuatriði. Viðkomandi getur svo komið til okkar og notað aðstöðuna og unnið sjálfstætt. Einnig er öllum heimilt að koma og fræðast um starfseminu og athuga hvort eitthvað kveikir áhuga eða njóta samvista við aðra í notalegu umhverfi. Við erum líka með vísu að bókasafni með allskonar handverksbókum.“

Það er líka starfsemi á kvöldin en annan miðvikudag í hverjum mánuði eru haldin þrjónakvöld, „þarna kemur fólk saman til að þrjóna eða hekla, ná sér í hugmyndir eða bara til að spjalla. Á miðvikudagskvöldum er svo opið fyrir þá sem hafa áhuga á tréútskurði, þeir hittast og vinna í smíðastofunni,“ sagir Halldóra.

Nánari upplýsingar um Punktinn má finna á heimasíðunni www.punkturinn.akureyri.is. Einnig er hægt að hringja í 460 1244 eða senda tölvupóst á punkturinn@akmennt.is



Ársfundur ASÍ

Áfram Ísland

- fyrir ungt fólk og framtíðina



Ársfundur ASÍ var haldinn dagana 23. og 24. október sl. í Reykjavík. Yfirskrift fundarins var „Áfram Ísland – fyrir ungt fólk og framtíðina“ en einnig var fjallað mikið um efnahagsmálin. Alls áttu 290 fulltrúar rétt til setu á ársfundinum, Eining-löja átti 11 fulltrúa á ársfundinum og þar af voru þrír sem voru yngri en 35 ára. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, var kjörinn forseti í stað Grétars Þorsteinssonar, sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu á forsetastóli.

Á fundinum var m.a. samþykkt ályktun þar sem stjórnvöld eru hvött til að fara í aðildarviðræður við ESB vegna hugsanlegrar inngöngu landsins í sambandið. Af um 280 ársfundarfulltrúum sem greiddu atkvæði um ályktunina voru aðeins sex á móti. Málsgrein ályktunarinnar þar sem tekið er á Evrópumálum er þannig orðrétt: „...Í öðru lagi telur Alþýðusamband Íslands afar mikilvægt að stjórnvöld fylgi lánafyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir með því að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar. Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) á næstu 2 árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að hægt yrði í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum þangað til full aðild að Evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar næðist.“

Erindi að norðan

Eins og áður segir var sérstaklega tekið á málefnum ungs fólks á ársfundinum og voru nokkrir ungliðar fengnir til að halda erindi. Sæunn Pálmadóttir, frá Einingu-löju, var fengin til að tala um viðhorf og væntingar ungs fólks til hreyfingarinnar. Í máli hennar kom m.a. fram að kröfur og væntingar ungs fólks á Íslandi væru í raun þær sömu og annarra, fyrir þeim eru launamál, jafnrétti kynjanna, mannréttindamál og málefni barnafólks í fyrirrúmi. Hún minntist einnig á að gaman hefði verið að sjá að niðurstöður í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi fyrir ASÍ þar sem tæplega 97% ungs fólks segja að stéttarfélög séu nauðsynleg til að gæta hagsmuna launafólks. „Í sömu könnun kom reyndar í ljós að svo virðist vera sem ungt fólk þekki ekki nægilega vel réttindi sín, tæplega 40% aðspurða töldu sig vita frekar lítið eða ekkert um réttindi sín á vinnumarkaði. Þessu þarf ASÍ að mæta með aðgerðum til að auka áhuga ungs fólks á kjaramálum sínum og einnig þarf að auka sýnileika margra stéttarféлага og þeirra sem starfa fyrir þeirra hönd. Sú hugmynd hefur komið upp að stofna ungliðahreyfingu innan ASÍ sem ætti áheyrnarfulltrúa með málfrlsi og tillögurétt á fundum miðstjórnar. Þetta þykir mér vera skref í rétta átt og myndi án efa koma sjónarmiði ungs fólks betur til skila auk þess sem það gæti aukið áhuga þess á starfseminni þar sem því þætti þeirra hugsjónum og væntingum betur komið á framfæri, enda má gera ráð fyrir að því þyki auðveldara að samsama sig með þeim sem standa svipuðum sporum og þau.“



Ég veit að félagið mitt hefur undanfarin 10 ár heimsótt alla 10. bekkinga á Eyjafjarðarsvæðinu og haldið kynningu á starfi stéttarfélaga. Í þessum heimsóknum er dreift bæklingi sem er sérstaklega ætlaður ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Kynnt er fyrir nemendum í hverju starf stéttarfélaga er fylgið og réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Með bæklingnum býður verkalyðshreyfingin allt ungt fólk velkomid í hóp félaga sinna og heitir því liðsinni sínu og væntir einnig þátttöku ungs fólks í félagslegu starfi hreyfingarinnar. Undanfarin 6 ár hefur félagið jafnframt farið og kynnt réttindi og skyldur á vinnumarkaði fyrir yngstu nemendum Verkmenntaskólans á Akureyri.

Ég veit að það er greinilegt að þessar heimsóknir eru farnar að skila sér, því yngri félagsmenn virðast vita betur um réttindi sín og skyldur en áður og vita einnig hvert leita skal ef eitthvað bjátar á. Ungt fólk virðist vera orðið virkara hvað þessi mál snertir og því er greinilegt að fræðsla sem þessi skiptir heilmiklu máli. Það bæði hringir og kemur á skrifstofurnar í mun meira mæli en áður" sagði Sæunn.

Staðall um launajafnrétti kynja

Samkomulag um að búa til staðal um launajafnrétti kynja var undirritað á ársþinginu af Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra, Grétari Þorsteinssyni, fráfaramandi forseta ASÍ og Hannesi G. Sigurðssyni, aðstoðarframkvæmdastjóra SA. Staðlaráð Íslands mun hafa umsjón með gerð staðalsins sem notaður verður til að sannreyna hvort launa- og starfsmannastefna stofnana og fyrirtækja samræmist stefnu um launajafnrétti kynja og jafnrétti við ráðningar og uppsagnir. Atvinnurekendur sem uppfylla skilyrði staðalsins geta síðan fengið formlega vottun fyrir því að launa- og starfsmannastefna þeirra samræmist lögum um jafnrétti kynjanna.

Miðað er við að staðallinn verði tekinn í notkun í byrjun árs 2010. Vonir standa til þess að staðallinn verði atvinnurekendum stuðningur og hvatning til þess að uppfylla ákvæði laga um jafnan rétt karla og kvenna. Þeir muni sjá ávinning í því að fela óháðum vottunaraðilum úttekt á launa- og starfsmannastefnu sinni á kerfisbundinn hátt því þannig verði hafið yfir allan vafa að þeir uppfylli ákvæði laganna.



Nýr forseti

Eins og áður segir var Gylfi Ambjörnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, kjörinn forseti í stað Grétars Þorsteinssonar, sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu á forsetastóli. Auk Gylfa var Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður LÍV og varaforseti ASÍ í framboði. Gylfi hlaut 166 atkvæði eða 59% atkvæða á meðan Ingibjörg hlaut 114 atkvæði eða 41%.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir tilkynnti, eftir að niðurstaða forsetakjörs lá fyrir, að hún ætlaði að sitja áfram sem varaforseti en Ingibjörg á ár eftir af sínu kjörtímabili.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, var kosinn í miðstjórn ASÍ til tveggja ára.

Þegar Gylfi sleit ársfundinum áréttaði hann fyrirheit sín um að efla samstöðu og samheldni innan verkalyðshreyfingarinnar. Hann sagðist hafa staðfasta trú á því að með samstöðunni muni verkalyðshreyfingunni takast að vinna sig í gegnum þrengingarnar. „Við höfum mótað okkur skýrari stefnu og sýn í málefnum ungs fólks. Þrátt fyrir að þessi málaflokkur, sem átti að vera þungamiðja þessa ársfundar, hafi fallið í skuggann af yfirstandandi efnahagsþrengingum höfum við mótað okkur mikilvæga stefnu í þessu mikilvæga málefni," sagði Gylfi meðal annars.

Efni frá ársfundinum má finna á heimasíðu félagsins, www.ein.is



Ferð á Vestfirði

11. til 14. ágúst 2008

- Skrásetjarar Margrét Marvinsdóttir og Aðalheiður Ingólfssdóttir

Að morgni 11. ágúst sl. var lagt af stað frá Skipagötu 14 á Akureyri í enn eina „fjallaferð“ Einingar-löju, nánar tiltekið til vestfjarða. Fyrsta stopp var eins og oft áður í Varmahlíð, þaðan var haldið í Þórdísarlund í Vatnsdal þar sem var áð og hádegisverður borðaður í góðu veðri á fallegum stað. Næst var ekið í Staðarskála, í smá hressingarstopp, og svo var stoppað í Brú þar sem leiðsögumaðurinn Matthías S. Lýðsson var tekinn með í rútuna. Matthías er mjög fróður, a.m.k um þau svæði sem við ferðumst um. Hann þekkti hvert hús og hól og ekki skipti máli hvort um var að ræða fólk drauga eða tröll.



Höfundar ásamt nokkrum ferðafélögum, f.v.: Aðalheiður Ingólfssdóttir, Matthías S. Lýðsson leiðsögumaður, Unnur Stefánsdóttir, Vilhjálmur Björnsson og Margrét Marvinsdóttir.

Ekið var sem leið lá út Strandir með nokkrum mynda-stoppum. Meðal annars á Ennishöfða þar sem útsýni var mjög fallegt út Strandir og stóran hluta Húnaflóa, því veður var bjart og fallegt en andaði svolítið köldu. Í Sævangi var stoppað og sauðfjársafnið skoðað. Þaðan er bara nokkurra mínútna akstur til Hólmavíkur, en þangað komum við um kl. 18:00. Þá tók við höfuðverkurinn að koma öllum fyrir sem tókst á endanum, með góðri samvinnu farastjóra og húshaldarans, honum Magnúsi, sem vildi allt fyrir okkur gera. Samvinna hópsins var góð og meira að segja var matsalurinn nýttur þar sem þrír úr hópnum sváfu. Þegar allir voru búnir að fá svefnpláss og koma sér fyrir fékk fólk sér að borða, flestir af nestinu sínu. Nokkrir úr hópnum fóru á Café Riis og fengu sér að borða og voru sammála um að maturinn hefði verið mjög góður og sérlega fallega fram borinn. Allir voru komnir í ró um kl. 23:00.

Baksturinn langi

Lagt af stað kl 9.00, með smá viðkomu í kaupfélaginu. Ekið var inn Steingrímsfjörð og yfir Bjarnarfjarðarháls, þar sem tröllskessan Selkolla á að hafa búið. Þaðan var ekið út Bjarnarfjörð fyrir Kaldbaksvík og út í Kolbeinsvík, þar sem tekið var smá sögu- og myndastopp. Eftir það var ekið um Veðileysu og yfir í Reykjafjörð. Auðvitað var tekið smá myndastopp í brekkunni fyrir ofan Djúpuvík, en fjörðurinn var eins og spegill yfir að líta. Hádegisstopp var rétt við bæinn Reykjafjörð, í sól og blíðu, þar sem nóg var af berjum og dunduðu einhverjir sér við að tína meðan stoppað var. Þaðan lá leiðin í Trékyllisvík í Norðurfirði, sumir fóru í búðina og fengu sér ís, aðrir fóru inn á hótelið og fengu sér kaffi og vöffur, en baksturinn tók svo langan tíma að mönnum gafst varla tími til að borða þær.

Frá Trékyllisvík var farið út í Krossnes til að líta á sundlaugina sem þar er í fjörunni. Gaman væri að koma þar síðar til að fá sér sundsprett. Næst var farið yfir Meladal, reyndar var stoppað uppi á melnum til að taka nokkrar myndir en svo var ekið niður að Eyri í Ingólfssfirði og rústir gömlu síldarverksmiðjunnar skoðaðar. Þar er nú sumar-

byggð, en fyrir norðan Norðurfjörð og Trékyllisvík „er bara fortíð“, eins og Matthías sagði. Á bakaleiðinni var farið á minja- og handverkssafnið Kört og þrætukirkjurnar í Árneshreppi skoðaðar. Næsti áfangastaður var Gjögur, sem er gömul hákarlastöð. Þar var stoppað í smá stund og litast um, en þar var verið að þurrka saltfisk í sólinni.

Næst var haldið til Djúpavíkur og farið inn á hótelið. Þar var mjög gaman að koma, mikið af fallegum gömlum munum og myndir eftir Erró skreyta borðsal hótelsins. Í samtali við son staðarhaldara kom í ljós að hann átti ættir að rekja á vestfirði og í Svarfaðardal. Að þessu stoppi loknu var haldið til Hólmavíkur, þar sem strax var tekið til við að grilla. Bjössu og Magga stóðu við grillið og Brynja sá um að græja allt inni. Þegar síðustu bitarnir voru á grillinu skíðlogaði það allt í einu og tók góða stund að slökkva í því, en allir áttu gott kvöld eftir góða máltíð.

Elexír ellistoppari

Allir hressir og kátir eftir góðan nætursvefn og gerðu morgunverði góð skil, bæði þeir sem voru með nesti og þeir sem fengu mat hjá Magnúsi staðarhaldara. Ákveðið að koma við í kaupfélaginu, því allir voru svo glaðir að byrja þar daginn áður. Loks var haldið yfir í Djúp, yfir Steingrímsfjarðarheiði og út Langadalströnd. Í Kaldalóni var stoppað við minnisvarða Sigvalda Kaldalóns, þar sem skriðjökullinn gengur niður og úr honum rennur áin Mórilla. Við Bæ rétt utan við Kaldalón var myndastopp, þar sem Djúpið skartaði sínu fegursta. Þaðan var farið í Unaðsdal þar sem Jón Helgason, sem lengi var formaður Einingar, fæddist einn af 18 systkinum eftir því sem Bjössu minnir. Þar gengum við niður að kirkjunni því rútan mátti ekki fara yfir brúna. Hádegisstoppið var tekið við ána í Unaðsdal og svo var stoppað í Dalbæ til að fara á snyrt-inguna, þó svo sumir hafi notað fjöruna fyrir neðan kirkjuna í Unaðsdal, falin í sefgresinu.

Í Dalbæ var til sölu Elexír nokkur, ellistoppari, sem þó nokkrir keyptu í von um kraftaverk. Einnig var þarna



merkilegt mynda- og sögusafn úr hinum gömlu byggðum Snæfjallastrandar. Því næst var farið til baka og keyrt hinu megin við djúpið, inn Ísafjörð yfir Eyrarfjall, út með Mjóafirði og inn í Heydal, þar sem nú er rekin ferðaþjónusta. Þar hafa hlaða og fjós verið gerð upp á lystilegan hátt, mjög flott. Fjós sem herbergi og hlaða sem veitingastaður. Frá Heydal var ekið til Reykjaness að skoða gömlu sundlaugin sem má muna sinn fífil fegurri. Synd að þessari gömlu sundlaug hafi ekki verið haldið við. Eins er með þessar reisulegu byggingar á staðnum, það mætti alveg sletta á þær málningu. Þá var haldið heim til Magnúsar í Hólmavík. Nokkrir þurftu að fara í hliðar-búðina í KB. Nokkrir fóru beint í sund og aðrir heim að borða afganga af grillkjötinu. Við bjuggum til heita sósu og var maturinn ekki síðri en kvöldið áður. Við frænkur fórum í sund áður en við borðuðum og var sundlaugin alveg yndisleg, tímum varla að fara upp úr. Um kvöldið var setið og spjallað við ferðafélagana og Magnús húshaldara sem var að sjóða slátur til að hafa með morgunmatnum. Allir komnir í ró um kl. 01.00.

Haldið heim á ný

Margir komnir á stjá um kl. 7.00 og Magnús tilbúinn með morgunverð stuttu síðar. Lagt af stað kl 9.00 og var Magnús kvaddur með virktum eftir góða dvöl þar sem öllum leið eins og heima hjá sér. Áður en Hólmavík var kvödd heimsóttum við Galdrasafnið. Þar þarf mun lengri tíma en við gáfum okkur. Einnig var lítið inn til handverksmannsins Hafþórs, sem tálgar íslenska fugla af algjörrni snilld. Hann átti eitthvað lítið á lager þar sem hann hafði selt nánast alla fuglana sína á Handverkssýningunni á Hrafnagili, það litla sem hann átti keyptum við svo að segja allt.

Þá var lagt af stað heim á leið. Fyrsti áfangi frá Hólmavík að Brú var undir góðri leiðsögn Matthíasar, sem stytta okkur leiðina með sögum af mönnum, draugum og forynjum. Skammt frá bænum Kolbeinsá var tekið smá stopp þar sem reynt var að klára síðasta nestið og þar með restina af grillkjötinu sem hafði verið mjög vel útlátið af þeim Kjarnafæðismönnum. Við keyrðum skoðunarrúnt niður á Borðeyri þar sem er talsverður hugur í mönnum í sambandi við ferðaþjónustu. Þá lá leið okkar að Brú þar sem leiðir okkar og Matthíasar skildu og honum þökkuað leiðsögnin með góðu lófaklappi. Búið var að loka skálanum og niðurrif byrjað þar sem nýi vegurinn af Holtavörðu-heiðinni kemur þar yfir. Stoppuðum í Staðarskála smá stund enda var hver að verða síðastur að stoppa í gamla skálanum. Vegna færslu á þjóðvegi eitt var nýr skáli byggður og sá gamli lagður af.

Við höfðum lítið sungið í ferðinni en Villi Dalvíkingur tók nú að sér forsöng um stund og sungum við okkur í gegnum Húnavatnssýslurnar, Bjóssi tók svo upp möppuna sína með gamanmálum og skemmti okkur um stund. Hann sagði að sögurnar væru allar komnar úr tölvupósti kvennanna á skrifstofunni, enginn sendi honum svona sögur. Síðasta stopp í þessari ferð, fyrir utan stoppið á Akureyri, var í Varmahlíð. Enn einni góðri Einingar-löjuför er lokið. Takk fyrir okkur.

Margrét Marvinsdóttir og Aðalheiður Ingólfssdóttir.



Różne informacje

Dodatek grudniowy (świąteczny) 2008 (Desemberuppbót)

Eining-Iðja przypomina swoim członkom o prawie do otrzymania dodatku grudniowego. Wysokość dodatku różni się w związku z różnymi umowami zbiorowymi i okersem pracy. Kwota ma być wypłacona jednorazowo bez doliczonego dodatku urlopowego.

Wysokość dodatku grudniowego wg. umów zbiorowych z rządem i pracodawcami wynosi 44.100, przy 100% - owym zatrudnieniu. Pracownicy administracji państwowej otrzymają dodatek 1-go grudnia, a pozostali, nie później niż do 15-go grudnia.

Umowy związku z regionalnymi ośrodkami administracyjnymi obowiązują do 30 listopada. W obecnym czasie prowadzone są rozmowy dotyczące nowych umów, lecz nie doszło do porozumienia. W ubiegłym roku wysokość dodatku wynosiła 61.250. Pracownicy administracji regionalnej (sveitarfélaga) otrzymają dodatek w grudniu wg. umów zbiorowych.

Na stronie internetowej związku, www.ein.is, znajduje się tabela obrazująca wysokość dodatku grudniowego w stosunku do wysokości etatu i przepracowanego okresu.

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng można kupić w biurach związku Eining-Iðja w Akureyri, w Siglufjörður i w Dalvíku. Bilet na jeden przejazd kosztuje tylko 520 koron. Bilety można również kupić u przedstawicieli związku w Ólafsfjörður, na Hrísey i w Grenivíku.

Fundusz chorobowy

Prawo do wypłat z funduszu chorobowego zależy od płacenia składek związkowych. Wypłaty mogą dotyczyć m.in.:

przewlekłych chorób dzieci, lub dzieci poważnie upośledzonych, poważnej choroby współmałżonka, wizyt u masażysty i fizjoterapeuty zaleconych przez lekarza, profilaktycznych badań antyrakowych, dopłat do kartonów na siłownię, kupna aparatu słuchowego i szkła do okularów oraz wielu innych. Zasiłek pogrzebowy pełnoprawnego członka związku opłacającego składki wynosi 220.000 kr. Dopłata do kartonu na siłownię wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 10.000 koron w każdym roku kalendarzowym. Dopłata przy kupnie szkła do okularów wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 15.000 koron co 3 lata. Dopłata przy kupnie aparatu słuchowego wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 15.000 koron co 3 lata.

Proszę zwrócić uwagę !

Zebranie zarządu funduszu chorobowego związku Eining-Iðja odbywa się raz w miesiącu. Dokumenty, które mają być przedstawione na zebraniu muszą być dostarczone nie później niż 27 dnia danego miesiąca.

Podania o wszelkiego rodzaju dofinansowania z funduszu chorobowego, zgodnie z regulaminem funduszu są rozpatrywane na wyżej wymienionym zebraniu (dot. podań o zasiłki chorobowe, refundacje kosztów fizjoterapii, masaży, profilaktycznych badań antyrakowych oraz wszelkich innych wymienionych wcześniej).

Pamiętajcie o dofinansowaniu na naukę!

Eining-Iðja zachęca swoich członków zamierzających uczęszczać na kursy dokształcające, aby sprawdzili swoje prawa do dofinansowania w funduszach naukowych, których członkiem jest związek: Landsmennt (www.landsmennt.is)-

Krajowy Ośrodek Dokształcania, Sveitamennt (www.sveitamennt.is) - Regionalny Ośrodek Dokształcania i Ríkismennt (www.rikismennt.is) - Rządowy Ośrodek Dokształcania.

Landsmennt jest funduszem na dokształcanie się stworzony przez związki zawodowe i pracowników fizycznych na terenie całego kraju. Członkami (21) są związki zawodowe należące do Federacji Związków Zawodowych. Ríkismennt to fundusz badawczy pracowników rządowych na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS (Starfsgræinasambands Íslands). Sveitamennt jest funduszem pracowników administracji regionalnej na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS.

Członkowie pracujący na pełnym etacie mają możliwość jednorazowego dofinansowania w wysokości 60.000 przez Landsmennt, Ríkismennt i Sveitamennt. Landsmennt pokrywa do 75% kosztów kursu, a Ríkismennt i Sveitamennt do 90% zwrotów kosztów poniesionych w celu doskonalenia obecnie wykonywanego zawodu.

Członkowie mają prawo do ubiegania się o zwrot kosztów kursu na prawo jazdy (samochody ciężarowe) w wysokości 100.000 - jednorazowo.

Członkowie mogą również ubiegać się o dodatki na kursy hobbistyczne i rekreacyjne. Dofinansowanie do 50% całkowitego kosztu, nie przekraczające 18.000.

Kursy języka islandzkiego

Członkowie związków, których językiem ojczystym nie jest język islandzki mogą ubiegać się o dofinansowanie kursu języka islandzkiego w 75%, po miesiącu członkostwa w związkach. Ci którzy należą do Ríkismennt lub Sveitamennt mogą starać się o 90% dofinansowanie 150-godzinnego kursu języka islandzkiego po 3 miesiącach członkostwa.

Wynajmowanie domków wypoczynkowych w okresie zimowym

Członkom związku zawodowego "Eining-Iðja" oferuje się możliwość wynajęcia domków wypoczynkowych w okresie pozaurlopowym; tzn. poza okresem letnim oraz jesiennym czyli między 15 września a 1 czerwca każdego roku.

Do wyboru są domki wypoczynkowe w:

- 1) Illugastaðir w Fnjóskadal
- 2) Tjarnagerði w Eyjafjarðarsveit
- 3) Svignaskarði w Borgarfirði
- 4) a także mieszkanie pozostające w dyspozycji naszego związku w Reykjavíku

Cennik

Dot.: Illugastaðir, Tjarnagerði, i Svignaskarð

- a) opłata za tydzień wynajęcia jednego z powyżej wymienionych domków wynosi: 16.000 koron
- b) opłata za wynajęcie jednego z wyżej wymienionych domków na trzy noce, czyli od piątku do niedzieli, wynosi: 10.000 koron. (wynajęcie na „weekend”)

Przy wszystkich wyżej wymienionych domkach znajdują się baseniki z gorącą wodą.

Osoby niepełnosprawne, pobierające renty oraz emeryci mają prawo do wynajęcia domków wypoczynkowych na trzy noce w czasie dni pracujących za sumę 6.000 koron. (dni w środku tygodnia).

Klucze od Tjarnagerði są wręczane w biurze naszego związku przy ulicy Skipagata 14 w Akureyri. Klucze od domków w Illugastaðir i Svignaskarði są wręczane w biurach lokalnych obsługujących dany region.

Dot. miszkna w Reykjavíku

Mieszkania w Reykjavíku są z reguły wynajmowane na okres tygodnia, za wyjątkiem mieszkania dla osób towarzyszących chorym, którzy muszą przebywać w czasie leczenia w Reykjavíku. Mieszkanie dla wyżej wymienionych osób towarzyszących jest wynajmowane na okresy uwarunkowane indywidualnymi potrzebami.

a) Opłata za tydzień wynajęcia mieszkania w Reykjavíku wynosi: 16.000 kr.

b) Opłata za dobę wynajęcia mieszkania dla osób towarzyszących osobom chorym wynosi: 2.500 kr.

Klucze od wyżej wymienionych mieszkań wręczane są w naszym biurze przy ulicy Skipagata 14 w Akureyri.

Umowa o pracę

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się

wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę.

Uwaga, uwaga!

Proszę pamiętać, że zawsze można zwrócić się do męża zaufania w zakładzie pracy, a także bezpośrednio do naszego związku "Eining-Iðja" numer telefonu 460 3600, jeśli zaistnieje taka konieczność. Przypominamy o możliwości uzyskania informacji o kursach języka islandzkiego dla obcokrajowców pod numerem telefonu 460 1234 (Alþjóðastofan) – Centrum Międzynarodowe.

Vel heppnuð fjölskylduhátíð Einingar-Iðju

Laugardaginn 6. september sl. hélt Eining-Iðja fjölskylduhátíð á Hömrum við Akureyri. Þetta var í fyrsta sinn sem félagið heldur slíka hátíð og voru viðtökur það góðar að stjórn félagsins hefur ákveðið að stefnt verði á að slík hátíð verði haldin annað hvert ár. Fjölmargt var gert til skemmtunar, bæði á sviði og á leiksvæði. Starfsmenn, stjórn og makar sáu um að grilla pylsur frá Kjarnafæði og Goða og ekki var annað að sjá en pylsurnar rynnru ljúflega niður með drykkjunum frá Egils hjá þeim fjölmörgu sem á hátíðina mættu. Um eða yfir 2.000 manns mættu á svæðið og fengu allir afhent endurskinsmerki og smá bækling um félagið. Í lok dags var búið að afhenda rúmlega 2.000 endurskinsmerki, sem merkt voru Einingu-Iðju og Byr sparisjóð.

Vegleg dagskrá

Snorri Guðvarðarson var kynnir dagsins og stjórnaði af sinni alkunnu snilld en meðal listamanna sem mættu á svæðið og skemmtu á sviðinu má nefna Jónsa, Óskar Pétursson, leikara úr Óvitunum, Kvinnakór Akureyrar o.fl. Á leiksvæðinu, sem skátar sáu um, var hægt að fara í minigolf, fríbigolf, hoppkastala, hjólabíla, báta, fótboltaspil og kassaklifur. Einnig var farið í ratleik þar sem í boði voru veglegir vinningar frá Strikinu, Greifanum, Leikfélagi Akureyrar, Sambíó, Borgarbíó og ísbúðinni Brynju. Það kostaði ekkert inn á hátíðina og allt sem um var að vera á svæðinu var í boði félagsins. Eins og áður segir var þetta í fyrsta sinn sem félagið stendur fyrir hátíð af þessu tagi. Ýmislegt hefur þó verið í boði fyrir félagsmenn í gegnum tíðina, t.d. hafa félagsmönnum staðið til boða að fara í ferðir bæði innanlands og utan, fengið leigð orlofshús víða um land og fleira.

Myndirnar hér til hliðar lýsa vel stemningunni sem ríkti á Hömrum á fyrstu fjölskylduhátíð félagsins.



*Eining-Iðja wishes his members a merry Christmas and a happy New Year!
Thanks everybody for the good contact in the past year.*

Promens Dalvík



Fyrirtækið er meðal þekktustu útflutningsflutnings-fyrirtækja Íslendinga. Upphaf fyrirtækisins má rekja til þess er Sæplast hf. var stofnað árið 1984 á Dalvík. Allar götur síðan hefur framleiðsla á hverfissteypum einangruðum umbúðarkerum verið þungamiðjan í framleiðslu verksmiðjunnar á Dalvík og fyrirtækið verið í farabroddi í heiminum í hönnun og framleiðslu á þessum vörum. Í upphafi þjónaði fyrirtækið fyrst og fremst viðskiptavinum í sjávarútvegi en síðan hafa aðrar greinar matvælaðnaðar í auknum mæli tekið framleiðsluvörurnar í þjónustu sína.

Auk kera framleiðir Promens Dalvík keralok og vörubretti. Auk þess er framleiðsla á byggingarvörum fyrir innanlandsmarkað snar þáttur í starfsemi verksmiðjunnar á Dalvík og hefur svo verið um árabíl. Þar er um að ræða framleiðslu á rotþróm, búnaði til vatnsveitna, tönkum, skiljum og fleiru. Hjá Promens Dalvík starfa um 40 manns og eru fjölmargir Einingar-löðu félagar þar á meðal.

1.000 fiskikör til Rússlands

Nýlega gerði fyrirtækið samning um framleiðslu á um 1.000 fiskikerum og lokum fyrir nýja síldarverksmiðju í Rússlandi. Framleiðsla upp í samninginn er þegar hafin og verður væntanlega lokið í janúar á næsta ári. Hilmar Guðmundsson, sölu- og markaðsstjóri Promens Dalvík, segir að vissulega hafi fyrirtækið gert stærri sölusamninga áður en við þær efnahagsaðstæður sem eru í alþjóðasamfélaginu í dag þá skipti verkefni af þessari stærðargráðu umtalsverðu máli.

„Það eru mikil tækifæri í fisk- og kjötiðnaði í Rússlandi. Markaður eins og Rússland býður upp á gríðarlega möguleika. Ekki síst er þetta mikilvægt á þessum tímum, þegar öll gjaldeyrisöflun skiptir þjóðarbúið verulegu máli. Framleiðsla upp í samninginn er þegar hafin hjá okkur og ég geri ráð fyrir að við verðum búnir með þetta verkefni í janúar. Hér er um að ræða nýja og mjög tæknilega búna síldarverksmiðju en við höfum reynslu af framleiðslu kera fyrir slíkar risaverksmiðjur, t.d. í Hollandi,“ segir Hilmar.


PROMENS

ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ

เงินโบนัสเดือนธันวาคม (Desemberuppbót)

ทางสหภาพแรงงาน (Eining-Iðja) ขอย้ำเตือนให้สมาชิกทุกท่านว่า ท่านมีสิทธิที่จะได้รับเงินโบนัสเดือนธันวาคม ตามสัญญาการว่าจ้างแรงงาน. จำนวนเงินที่จะได้รับนั้นจะไม่เท่ากัน ขึ้นอยู่กับสัญญาการว่าจ้าง และระยะเวลาการทำงานของแต่ละคน. เงินโบนัสนี้ จะจ่ายให้หมดในครั้งเดียวและจะไม่คิดรวมกับ เงินสะสมสำหรับพักร้อน. คำสัญญาว่าจ้างที่ได้ทำไว้ระหว่างทางรัฐและ ลูกจ้างในตลาดแรงงานทั่วไปนั้นจะได้รับเงินโบนัสเดือนธันวาคมเป็นจำนวนเงิน 44.100. โครนาร์ ของอัตราส่วนการทำงานเต็ม 100% บุคคลที่รับราชการหรือลูกจ้างของรัฐจะได้รับเงินโบนัสเดือน 5.ค ภายในวันที่ 1 ธันวาคม. ส่วนลูกจ้างในตลาดแรงงานทั่วไปจะได้รับเงินก่อนวันที่ 15 ธันวาคม. สัญญาที่ทำไว้กับทางคณะกรรมการฝ่ายปรับปรุงเงินเดือนของหน่วยงาน ublicนั้น มีกำหนดถึงวันที่ 30 พ.ย.ที่ผ่านมาและขณะนี้กำลังอยู่ในระหว่างการตกลงแต่ยังคงติดกันไม่ได้ เกี่ยวกับยอดเงินว่าจะเป็นจำนวนเท่าไร ซึ่งอาจจะเป็นไปได้ว่าลูกจ้างของรัฐจะยังคงได้รับเงินเป็นจำนวน 61.520 โครนาร์ตามสัญญาที่ได้ทำไว้เมื่อปีที่แล้ว.

บัตรลดอควมอร์ก (Miðar í Hvalfjarðargöngin)

สามารถหาซื้อบัตรลดอควมอร์ก Hvalfjarðar ได้ที่สำนักงาน Eining-Iðja เมืองอคูเรย์รี และเมือง ดาลวิก (Akureyri, Siglufjörður og Dalvík) ในราคาเพียงบัตรละ 520 โครนาร์ นอกจากนี้ยังจะหาซื้อบัตรได้ที่ตัวแทนของสหภาพที่ Ólafsfirði, Hrísey และ Grenivík

เงินกองทุนยามเจ็บป่วย (Sjúkragjöldur)

สิทธิในการรับเงินช่วยเหลือจากเงินกองทุนยามเจ็บป่วย ซึ่งมีดังต่อไปนี้, จะได้รับเงินสนับสนุนจากกองทุนเมื่อต้องหยุดงานเพื่อดูแลลูกที่มีอาการป่วยระยะยาวหรือพิการ, ภรรยาหรือสามีที่มีอาการป่วยร้ายแรง, ต้องนอนตรวจรักษาเนื่องจากความเจ็บป่วย, ทำกายภาพบำบัด การรับการตรวจเช็คมะเร็งปากมดลูก, การบริหารร่างกาย, ซื้อเครื่องช่วยฟัง หรือ เลนส์แว่นตา และ อื่นๆ เป็นต้น. จะได้รับเงินช่วยเหลือในการฉีดยาเป็นจำนวนเงิน 220.000.- โครนาร์ เงินสนับสนุนเพื่อการบริหารร่างกายจะจ่ายให้ 35% จากใบเสร็จรับเงิน แต่ไม่เกิน 10.000. โครนาร์ในแต่ละปี.เงินช่วยเหลือเพื่อซื้อเลนส์แว่นตา และ เครื่องช่วยฟัง จะ จ่ายให้ 35% จากใบเสร็จ แต่ไม่เกิน 15.000.โครนาร์ของทุก 3 ปี.

สมาชิกทุกท่าน โปรดทราบ!

ทางสหภาพฯ จะ มีการประชุมเกี่ยวกับเงินกองทุนยามเจ็บป่วยเดือนละครั้ง เอกสารที่ต้องการยื่นเข้าที่ประชุม สามารถยื่นได้ที่ สำนักงาน Eining-Iðja ภายในวันที่ 27 ของเดือน. แบบฟอร์มเกี่ยวกับรายจ่ายที่ขอจากเงินกองทุนยามเจ็บป่วยทั้งหมด จะถูกนำเข้าสู่ที่ประชุม อาทิ,เงินค่าเจ็บป่วยรายวัน, ค่ากายภาพบำบัด,ค่านัด,ค่าตรวจหามะเร็งปากมดลูก และ อื่นๆ. ซึ่งเป็นไปตามกฎของกองทุนที่จะต้องจ่าย.

เงินกองทุนเพื่อการศึกษาที่ควรทราบ (Kynntu þér námsstyrkina!)

ในฤดูหนาว โรงเรียนต่างๆหลายแห่ง ได้จัดให้มีการอบรมต่างๆทั้งระยะสั้นและระยะยาว สำหรับสมาชิกของสหภาพฯ จึงเป็นโอกาสดีของสมาชิกที่ต้องการเข้ารับการอบรม ทางสหภาพฯจึงต้องการเสนอให้ทุกท่านได้รับทราบถึงสิทธิที่พึงได้รับจาก เงินกองทุนเพื่อการศึกษาจาก ลานส์แมนน์ (landsmennt.is) จากทางหน่วยงานเทศบาล (sveitamennt.is) และจาก ภาครัฐ (rikismentnt.is). แต่ละได้รับเพียงครั้งเดียวเท่านั้นไม่ว่าการอบรมนั้นจะมีกี่เทอมก็ตาม. ในเว็บไซต์ของสหภาพฯ www.ein.is ท่านสามารถเข้าหาข้อมูลจาก Landsmennt ซึ่งได้แปลไว้หลายภาษา เช่น ภาษาอังกฤษ, สเปน, ไทย และ โปแลนด์ เป็นต้น. อนึ่ง สามารถ หาข้อมูลที่เป็นภาษาอังกฤษได้จาก Ríkismennt.

บ้านพักร้อนให้เช่าในช่วงฤดูหนาว (Vetrarleiga orlofshúsanna)

ทางสหภาพฯ ยังคงมีบ้านพักร้อนไว้ให้สมาชิกได้เลือกเช่าในช่วงฤดูหนาว นอกเหนือจากการพักร้อนตามปกติในฤดูร้อน. บ้านพักดังกล่าวมี 4 แห่งด้วยกัน คือ บ้านพักที่ Illugastaðir อยู่ที่ Fnjóskadal. ที่ Tjarnargerði อยู่เขต Eyjafjarðarsveit, และที่ Svignaskarði อยู่ที่ Borgarfirði และยังมี อพาทเม้นท์ที่ Reykjavík ไว้บริการอีกด้วย. การเช่าบ้านพักร้อนในช่วงฤดูใบไม้ร่วง และ ฤดูหนาวนั้น เริ่มต้น ตั้งแต่ วันที่ 15 กันยายน จนถึงวันที่ 1 มิถุนายน.

อัตราค่าเช่า (Verðskrá)

บ้านพักที่ Illugastaðir, Tjarnargerði และที่ Svignaskarði. ค่าเช่าอาทิตย์ละ 16.000 โครนาร์ ส่วนช่วงวันหยุดสุดสัปดาห์ ค่าเช่า 3 คืน ราคา 10.000 โครนาร์. บ้านพักทุกหลังมีอ่างอาบน้ำร้อนให้ด้วย. บุคคลผู้ไร้สมรรถภาพและคนชรา สามารถจ่ายค่าเช่าในราคา 6.000 โครนาร์ สำหรับสามคืนในช่วงกลางสัปดาห์ ของบ้านพักร้อนทั้งสามแห่งดังกล่าว. ญญแจบ้านพักร้อนที่ Tjarnargerði lk สามารถรับได้ที่ สำนักงาน สหภาพฯ Skipagata 14 Akureyri, แต่ญญแจบ้านพักร้อนที่ Illugastaðir และ Svignaskarði สามารถรับได้ที่ศูนย์บริการในสถานที่นั้น. ส่วนอพาทเม้นท์ ที่ Reykjavík จะให้เช่าเป็นอาทิตย์ นอกอพาทเม้นท์สำหรับคนป่วยที่สามารถเช่าได้นานเท่าที่จำเป็น. ค่าเช่าอาทิตย์ละ 16.000 โครนาร์ แต่ค่าเช่าอพาทเม้นท์สำหรับผู้ป่วย ราคาเช่า 3 คืนละ 2.500 โครนาร์. ญญแจอพาทเม้นท์ สามารถรับได้ที่ สำนักงานสหภาพฯ Skipagata 14 Akureyri.

สัญญาการว่าจ้างทำงาน (Ráðningarsamningur)

ตามข้อตกลงในการทำสัญญาว่าจ้างทำงานนั้น ลูกจ้างทุกคนจะต้องได้รับการทำสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาในการว่าจ้างทำงาน, และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างงานประเภทนั้นๆ. ซึ่งสัญญาว่าจ้างจะต้องทำภายหลังจากที่ลูกจ้างได้ปฏิบัติหน้าที่ได้หนึ่งเดือน. การทำสัญญาให้เป็นลายลักษณ์อักษรนั้นสำคัญมากสำหรับลูกจ้าง เพราะหากมีปัญหาเกิดขึ้นก็สามารถใช้สัญญาเป็นหลักฐานได้. ที่สำนักงาน Eining-Iðja ท่านสามารถติดต่อสอบถามข้อมูลเกี่ยวกับการทำสัญญาว่าจ้างทำงานพร้อมทั้ง มีแบบฟอร์มไว้บริการด้วย.

ระยะเวลาการออก และ ให้ออกจากงาน (Uppsagnarfrestur)

- ต้องเป็นไปตามความถูกต้องของทั้งสองฝ่าย
- ต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

ในสองสัปดาห์แรกของการทำงาน

ถ้าต้องการลาออกก็สามารถทำได้ทันทีไม่มีเงื่อนไขใดๆ.

หลังจากการทำงานเกินกว่าสองสัปดาห์กับนายจ้างเดิม

จะลาออกได้หลังจากนั้นอีก 12 วัน.

หากอายุการทำงานเกิน 3 เดือนกับบริษัทเดิม จะต้องทำงานให้ครบเดือนก่อน หลังจากนั้นอีก 1 เดือนจึงสามารถลาออกได้.

หากทำงานเกิน 3 ปี กับบริษัทเดิม ต้องทำให้ครบเดือนก่อน และ หลังจากนั้นอีก 3 เดือน จึงสามารถลาออกได้. โปรดทราบ! ท่านสามารถปรึกษากับตัวแทนพนักงานที่ท่านเลือกไว้ในที่ทำงานนั้นๆได้ หรือ ที่สหภาพฯ Eining-Iðja โทร. 460 3600 หากต้องการความช่วยเหลือ.

ท่านยังสามารถติดต่อไปยัง ศูนย์วัฒนธรรม ที่โทร.หมายเลข 460 1234 หากต้องการข้อมูลเกี่ยวกับการเรียนภาษา ไอซ์แลนด์.

หมายเลขโทรศัพท์ (Símanúmer)

สำนักงาน ที่ Akureyri 460 3600

ตัวแทนต่างสาขาได้แก่:

Dalvík โทร. 460 3600

Siglufjörður 460 3600

Grenivík โทร. 463 3279

Hrísey โทร. 466 1744

Ólafsfirði โทร. 466 2260 และ 866 2562

Eining-Iðja wünsch allen seinen Mitgliedern ein frohes Weihnachtsfest und alles Gute für das kommende Jahr. Vielen Dank für die gute Zusammenarbeit.

Jóla-krossgátan

Gerður er skýr greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann. Sjá nánar á næstu síðu.



4174

								Lausn:	
Þegar skólar byrja...	For- modir Fóði	Hálsman Konu Slæmt	Klæð- leysi Alitinn	Tíu					
→		1			↓			1	
								2	
Inni hjá sér ←								3	
Forsetn. Gerast			>				5	4	
Ólogið Samhlj.				4	→			5	
		>		>				6	
Spilda í r Bjargs								7	
								8	
						2 eins Anótu Liggjum		9	
Engi Af- komendur								10	
								11	
								12	
								13	
								14	
								15	
								16	
								17	
								18	
								19	
								20	

Jóla- krossgátan

Skrifið lausnina á blað (reitir 1 til 19, málsháttur) og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is, en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja.

Skilafrestur er til kl. 16 mánudaginn 12. janúar 2009. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

Eining-löja
- verðlaunakrossgáta
Skipagötu 14
600 Akureyri

Glæsilegir vinningar eru í boði:

1. verðlaun:

Vikudvöl í orlofshúsi í eigu Einingar-löju að eigin vali sumarið 2009.

2. verðlaun:

Vöruúttekt að verðmæti kr. 10.000,- í Nettó

3. verðlaun:

Helgardvöl á Illugastöðum að vetri til, í orlofshúsi í eigu félagsins.

4. verðlaun:

Ostakarfa frá MS-Akureyri



netto

*Þar sem
jólin byrja!*

Verðlaunagetraun

Hve margir fulltrúar frá Einingu-löju sátu ársfund ASÍ 2008?

1. () 7
2. () 9
3. () 11
4. () 13

Skrifið lausnina á blað og merkið það með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja. **Skilafrestur er til kl. 16, mánudaginn 12. janúar 2009.** Dregið

verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

Eining-löja
- verðlaunagetraun
Skipagötu 14
600 Akureyri

Glæsilegir vinningar eru í boði:

1. verðlaun:

Vöruúttekt að verðmæti kr. 15.000 í Nettó.

2. verðlaun:

Helgardvöl á Illugastöðum að vetri til, í orlofshúsi í eigu félagsins.

3. verðlaun:

Ostakarfa frá MS-Akureyri



Jólagjöf Byrs 2008



Við bjóðum öllum börnum fæddum árið 2008 að þiggja **5.000 króna Framtíðarsjóð** í jólagjöf frá Byr. Með þessu viljum við taka þátt í fjárhagslegri heilsu barna til framtíðar. **Taktu fyrsta skrefið í næsta útibúi Byrs eða á byr.is.**

Með von um bjarta framtíð,
starfsfólk Byrs.



Sparibangsinn Bjössi
fylgir Framtíðarsjóðnum.

5.000 krónur í jólagjöf

Gjöfin leggst inn á **Framtíðarsjóð Byrs** sem er verðtryggður sparnaðarreikningur og er hann bundinn til **18 ára aldurs**. Þetta er sjóðurinn sem **vex með barninu þínu**, eftir því sem það dafnar og þroskast. Við minnum á að innstæður í Framtíðarsjóði eru **tryggðar að fullu** hjá Tryggingarsjóði innstæðueigenda.

Byr vonar að sem flestir sjái sér hag í að þiggja jólagjöfina í ár fyrir hönd barna sinna, en hana má nálgast fram til 28. febrúar 2009.